



Heit og ljúffeng

PIZZA

HAMRABORG

Hafnarstræti 7 • 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

L

Nýtt
símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er

410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 300 m/vsk

Miðvikudagur 25. janúar 2006 • 4. tbl. • 23. árg.

Nýútgefin skýrsla Hörpu Grímsdóttur fyrir Veðurstofu Íslands

Mesta hættan er á Óshlíð

Hætta þeirra einstaklinga sem ferðast um Óshlíð og Súðavíkurhlíð og Kirkjubólshlíð vegna snjóflóða og grjóthruns er óviðunandi samkvæmt niðurstöðum skýrslu sem Veðurstofa Íslands hefur gefið út. Skýrslan „Mat á hættu vegna snjóflóða og grjóthruns á vegum milli Súðavíkur og Bolungarvíkur“ var unnin af Hörpu Grímsdóttur hjá snjóflóðasetri Veðurstofu Íslands á Ísafirði og styrkt af Leið ehf. í Bolungarvík. Niðurstöður benda einnig til þess að áhættan undir Seljalandshlíð og Eyrarhlíð sé á mörkum þess sem hægt sé að sætta sig við fyrir þá sem þurfa að fara hlíðarnar fjórum til sex sinnum á dag.

Þá kemur fram að líkur bendi til að ekki færi en 100 grjóthnullungar sem valdi verulegum dánarlíkum, lendi þeir beint á bíl, falli árlega á veginn um Óshlíð. Er þetta í fyrsta skipti sem tekin eru saman skráð gögn hjá mismunandi aðilum um grjóthrun og snjóflóð á vegum við utanvert Ísafjarðardjúp og jafnframt fyrsta tilraun gerð til þess að meta með tölulegum hætti áhættu vegna ofanflóða



á vegum á Íslandi.

Fjallað er sérstaklega um hverja af hlíðunum fimm sem liggja milli Bolungarvíkur og Súðavíkur, þ.e. Óshlíð sem er milli Bolungarvíkur og Hnífsdals; Eyrarhlíð sem er milli Hnífsdals og elsta hluta Ísafjarðar, sem nefndur er Eyrin, Seljalandshlíð sem liggur svo gott sem innanbæjar á Ísafirði, milli Eyrarinnar og Holta-hverfis innst í Skutulsfirði; Kirkjubólshlíðar, sem liggur

Að meðaltali aka um Óshlíðina 600 til 700 ökutæki á dag.

við austanverðan Skutulsfjörð og Súðavíkurhlíð sem liggur í vestanverðum Álftafirði og allt til Súðavíkur. Í umfjölluninni fær Óshlíð mest vægi enda að flestra mati hættulegst bæði hvað varðar snjóflóða- grjóthrunshættu auk hættunnar á framskriði. Þá er vegurinn um Óshlíð mjög fjölfarin en að meðaltali aka hann um 600 til 700 ökutæki á dag.

Vinna að gerð skýrslunnar hófst síðsumars á síðasta ári

eða nokkru áður en ríkisstjórnin ákvað að ráðist yrði í rannsóknir á utanverðri Óshlíð með gerð fyrirhugaðra jarðgangana í huga. Leitast var við að meta áhættu vegna ofanflóða og grjóthruns á vegunum milli Súðavíkur og Bolungarvíkur út frá fyrirbyggjandi gögnum um slíka atburði. Í fyrsta lagi voru metnar árlegar dánarlíkur fólks, sem ferðast reglulega um viðkomandi vegi, af völdum ofanflóða og

grjóthruns á vegina. Dánarlíkur eru síðan bornar saman við árlegar dánarlíkur fólks á Íslandi vegna umferðarslysa. Einnig var tilgangur verkefnisins að setja skipulega upp á einum stað skráðar heimildir um snjóflóð og grjóthrun á þessum vegum síðustu 15 til 20 árin og öll skráð dhöpp á vegunum. Frá þessu var greint á vef Leiðar þar sem nálgast má skýrsluna í heild sinni.

– thelma@bb.is

Ísafjarðarbær vill heiðra Ruth Tryggvason

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að Ruth Tryggvason verði útnefnd heiðursborgari bæjarins. Ruth fluttist til Ísafjarðar ung að árum frá Danmörku með eiginmanni sínum Aðalbíni Tryggvasyni, bakara og verslunarmanni. Allt frá komu sinni til Ísafjarðar hefur hún af fádæma

eljusemi auðgað mannlífið með sinni alkunnu lífsgleði og þrótti. Ruth hefur í gegnum tíðina látið sér fátt óviðkomandi og hefur meðal annars beitt sér í menningarmálum, mannúðarmálum og skógrækt.

Enn í dag heillar hún bæjarbúa sem og aðra með fram-

komu sinni í Gamla bakaríni. Það er við hæfi að Ísafjarðarbær heiðri Ruth fyrir að hafa kosið að eiga samleið með íbúum Ísafjarðarbæjar svo lengi, með því að útnefna hana heiðursborgara bæjarins. Samþykkt var á bæjarstjórnarfundum að vísa tillögunni til bæjarráðs til umfjöllunar og frekari út-

færslu, meðal annars í tengslum við tíu ára afmæli Ísafjarðarbæjar í sumar.

Enginn sem hlotið hefur titilinn heiðursborgari Ísafjarðarbæjar er nú á lífi. Áður fyrr útnefndi Ísafjarðarkaupstaður einstaklinga sem töldust hafa unnið samfélaginu ómetanlegt starf, heiðursborgara. Fyrstur

til að hljóta þennan heiður var Jónas Tómasson tónskáld, annar var Ragnar H. Ragnars skólastjóri og þá Úlfur Gunnarsson læknir. Önnur sveitarfélög sem nú falla undir Ísafjarðarbæ útnefndu einnig heiðursborgara og má þar til dæmis nefna Guðmund Inga Kristjánsson skáld. – gudrun@bb.is

úrval

Samkaup

OPIÐ:
virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21
Verið
velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

EIMSKIP er...

leiðandi þjónustufyrirtæki sem byggir á framsýnandi tengslaneti. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að land-, sjó- og flugflutningi, vörubreiðingum og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptaheita og mæta öllum kröfum þeirra. Það er sameiginlegur metnaður bæði starfsmanna og hlífðara að gegna forystuhlutverki til framtíðar.



Höfðingur 2 104 Reykjavík Sími 525 1000 Fax 525 1006 www.eimskip.is

Ung stúlka lést í bílslysi á Hnífsdalsvegi

Stúlka á 18. aldursári lést í bílslysi á Hnífsdalsvegi, milli Ísafjarðar og Hnífsdals, síðdegis á fimmtudag í síðustu viku. Bifreið stúlkunnar rann út af veginum og hafnaði á hvolfi út í sjó. Lögregla og sjúkralið komu fljótt á vettvang og hófu björgunaraðgerðir við mjög erfiðar aðstæður. Þar sem ekki var fullljóst í fyrstu hvort fleiri voru í bílnum, hófu björgunarsveitarmenn leit meðfram strandlengjunni. Síðar kom í ljós að stúlkann var einsömum í bifreiðinni.



Þórey Guðmundsdóttir.

starfaði sem þjálfari yngri flokka kvenna hjá KFÍ. Minningarstund um Þóreyju var haldin í Menntaskólanum á Ísafirði á föstudagsmorgun auk þess sem samverustund var á meðal 10. bekkjar nemenda við Grunnskólann á Ísafirði.

–bb@bb.is



Lögregla og björgunarmenn að störfum á slysstað við mjög erfiðar aðstæður.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins

Úlfar Ágústsson býður sig fram í 1.- 4. sæti

Úlfar Ágústsson, fyrrverandi kaupmaður á Ísafirði, hefur ákveðið að gefa kost á sér í 1.-4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins, sem haldið verður 11. febrúar nk. „Ég vil hvað sem það kostar að íbúafjölgu í Ísafjarðarbæ nái landsmeðaltali á kjörtímabilinu“, segir Úlfar aðspurður um stefnumál sín.

„Ég vil að meðallaun nálgist að minnsta kosti landsmeðaltal, að fasteignaverð haldi í við þróun fasteignaverðs á landinu. Þá vil ég að Grunnskólinn á Ísafirði verði talinn meðal tíu bestu grunnskóla á landinu, og að öllum grunnskólanemendum í bjarfjórðuninni verði gefinn kostur á að sækja skólann.“

„Ég er hættur að vera kaupmaður“, segir Úlfar. „Nú langar mig að taka til hendinni og berjast fyrir framtíð Ísafjarðarbæjar, að




Úlfar Ágústsson.

hann stækki og blómgi, líkt og gerist sums staðar annars staðar á landinu. Það er ekki ætlun mín að ógna bæjarstjóra, þó ég bjóði mig fram í fyrsta sæti, hann er mitt bæjarstjóraefni. Hins vegar finnst mér eðlilegt að fram komi hvernig staða hans er gagnvart kjósendum og menn eigi vól á því að kjósa einhvern annan í fyrsta sætið vilji þeir það.“ –eirikur@bb.is

Meining ríkisstjórnarinnar að gera öruggan veg um alla Óshlíð

Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, sagði á þingfundi fyrir stuttu að ljóst væri að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að fara í úrbætur á Óshlíðinni snerist um að gera veginn öruggan og það yrði engin önnur leið valin en sú sem gæti tryggt sem allra best þessa leið. Þá sagðist hann vona að fljótlega á þessu ári fengist niðurstaða um hvaða leið yrði farin. Þetta sagði hann eftir fyrirspurn frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, sjötta þingmanni Norðvesturkjördæmis.

Kristinn H. Gunnarsson, sjöundi þingmaður Norðvesturkjördæmis, benti á að Óshlíðin væri í raun samheiti yfir þrjár fjallshlíðar sem liggja utan í Óshyrnu, Arafjalli og Nál eða Búðarhrynu, en ákvörðun ríkisstjórnarinnar um



gangnagerð hér vestra miðaðist við að bregðast við ástandi sem uppi var í fyrstnefndu fjallshlíðinni, á svonefndum Skriðum. Þá sagði Kristinn að auðvitað hlyti það að hafa verið meiningu ríkisstjórnarinnar að grípa til aðgerða sem gerðu Óshlíðina alla öruggan veg, en ekki mætti líta svo á

að ákvörðunin afmarkaðist við einn þriðja af leiðinni.

Á mjög vel sóttum baráttufundi fyrir bættum samgöngum milli þéttbýlisstaða á norðanverðum Vestfjörðum, sem haldin var í Bolungarvík fyrir skemmstu, var samþykkt ályktun þar sem skorað var á samgöngufyrirvöld, þingmenn og

ráðherra að beita sér fyrir því með öllum ráðum að tryggja varanlega lausn í samgöngumálum á norðanverðum Vestfjörðum frá Súðavík til Bolungarvíkur svo líta megi á svæðið sem heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði.

– eirikur@bb.is

Leikskólabörn blótuðu þorra

Leikskólabörn á Eyrarskjóli á Ísafirði blótuðu þorra á föstudag. Börnin snæddu hefðbundinn þorramat úr trogum og ekki var annað að sjá en þau gerðu matnum góð skil. Sum þeirra, en þó ekki öll, smjöttuðu meira að segja á bragðsterkum hákarlinum með bestu lyst. Á Eyrarskjóli hefur skapast áralöng hefð fyrir því að halda þorrablot á bóndadaginn.

Þorrablotið er hluti af námskrá leikskólans um menningu og samfélag og mun svo vera á flestum leikskólum landsins. Það er því tæpast hætt á að neysla súrmatar og hákarls leggist af enda séð til þess að hver kynslóð fái tækifæri til að tileinka sér hinar fornu matarvenjur í leikskólunum.

– thelma@bb.is



Það var glatt á hjalla á þorrablotinu á Eyrarskjóli.



ÍSAFJARÐARBÆR

GRUNNSKÓLINN – HLUTASTARF

Vegna veikingaforfalla óskast starfsmaður í hlutastarf frá kl. 09:00 til 12:00 til aðstoðar á bókasafni Grunnskólans á Ísafirði. Áætlað er að starf hefjist 1. febrúar og ljúki 31. maí. Umsóknnum skal skila til skólastjóra eigi síðar en 30. janúar nk.

Skólastjóri.

bb.is – fjölsóttasti vefur Vestfirðinga!

Fólk á landsbyggðinni á ekki að láta bjóða sér önnur kjör en fólk á höfuðborgarsvæðinu

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir niðurstöður launamálaráðstefnunnar sem haldin var um helgina vera þær að þetta mál verði skoðað betur. Launanevnd sveitarfélaga verður fal-

ið það hlutverk að finna tillögur til að hækka laun þeirra lægstlaunuðu og fær nefndin frest til að kynna þær tillögur til 10. febrúar næstkomandi. Þá verður sveitarfélögunum gefið svigrúm til að hækka

laun en hingað til hefur einungis launanevndin mátt semja um laun en ekki sveitarfélögin sjálf. Þetta verður gert í samráði við launanevnd að sögn Halldórs.

„Það sem tekið var fyrir á

ráðstefnunni voru fyrst og fremst málefni höfuðborgarsvæðisins, við sveitarfélögin á landsbyggðinni erum áhorfendur en jafnframt þátttakendur. Það er engin ástæða til annars en að við horfum á þær

breytingar sem verða á höfuðborgarsvæðinu, fólk á landsbyggðinni á ekki að láta bjóða sér önnur kjör en fást þar.”

Launamálaráðstefna sveitarfélaganna var haldin í Reykjavík sl. föstudag. Alls voru

um 150 manns víðs vegar að af landinu sem sátu ráðstefnuna og voru fulltrúar Ísafjarðarbæjar þeir Guðni Geir Jóhannesson, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Lárus G. Valdimarsson. – *gudrun@bb.is*

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum


Launamálaráðstefna sveitarfélaganna mikil vonbrigði

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum hefur ályktað, ásamt öðrum félögum í Samfloti bæjarstarfsmannafélaga, að útkoman úr nýafstaðinni Launamálaráðstefnu sveitarfélaganna hafi verið mikil vonbrigði. Í yfirlýsingunni segir orðrétt:

„Það eru Samfloti bæjarstarfsmannafélaga mikil vonbrigði að Launamálaráðstefna sveitarfélaga hafi ekki gefið skýr skilaboð um hvernig eigi að leysa þann hnút sem launamál sveitarfélaganna eru í. Gert hafði verið ráð fyrir að ákveðin niðurstaða myndi fást áráðstefnunni þar sem sveitarstjórnarmenn höfðu vísað erindum og beiðnum um leið-

réttingar á kjörum starfsmannafélaga þangað til úrlausnar. Miklar væntingar voru bundnar við þessa ráðstefnu og niðurstöður hennar, sér í lagi þar sem aðdragandi hennar var langur.

Nú er ljóst að enn er málið í bið þar sem niðurstaða Launamálaráðstefnu Sambands sveitarfélaga er á þá leið að Launanevnd sveitarfélaga var falið að fjalla um tillögur og hugmyndir sem þar komu fram. Þær niðurstöður verða ekki kynntar sveitarstjórnunum fyrir en 10. febrúar n.k. en ljóst er að þolinmæði starfsmanna sveitarfélaga endist ekki svo lengi. Fjöldi starfsmanna innan bæjarstarfsmannafélaga



Leikskólinn Eyrarskjól á Ísafirði.

eru í nákvæmlega sömu stöðu og félagsmenn í Leikskólakennarafélagi Íslands og þess vegna er óviðunandi ef ætlunin er að skoða eingöngu sér-tæka hópa.“

Launamálaráðstefna sveitarfélaganna var haldin í Reykjavík síðastliðinn föstudag.

Alls voru um 150 manns víðs vegar að af landinu sem sátu ráðstefnuna og voru fulltrúar Ísafjarðarbæjar þeir Guðni Geir Jóhannesson, formaður bæjarráðs, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Lárus G. Valdimarsson, bæjarfulltrúi.

– *eirikur@bb.is*

Íþróttamaður Bolungarvíkur

Útnefndur á morgun

Íþróttamaður Bolungarvíkur 2005 verður útnefndur á morgun í hófi sem haldið verður í Félagsheimili Bolungarvíkur kl. 18. Þar mun einnig fara fram veiting viðurkenninga til íþróttamanna sem sýnt hafa góðan árangur. Kjör íþróttamanns Bolungarvíkur fyrir árið 2004 féll niður og því bar enginn titilinn í fyrra.

Sá er bar titilinn síðast

var Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson kajakræðari og íþróttamaður Bolungarvíkur 2003. Á síðasta ári tók gildi ný reglugerð varðandi kjör íþróttamanns Bolungarvíkur sem gefur fleirum möguleika á að hampa titlinum. Helsta breytingin er sú að íþróttamaður Bolungarvíkur má stunda íþrótt sína í öðru sveitarfélagi ef hann á lögheimili í Bolungarvík.

Ók á húsvegg

Á sunnudag var lögreglunni á Ísafirði tilkynnt um umferðaróhapp við hús á Hnífsdalsvegi, en þar hafði ökumaður misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún hafnaði á húsvegg. Engin slys urðu en tjón nokkuð á ökutækinu. Töluverð hálsa var á akbrautinni, auk þess sem mikil tjara var á hjólbörðunum.

Lögreglunni þykir rétt að hvetja ökumenn til að huga að

slíku sérstaklega í þeim umhleypingum sem nú hafa staðar yfir, hiti ymist yfir eða undir frostmarki. Þá var tilkynnt um annað umferðaróhapp síðar sama dag. Í því tilviki rákust saman fólksbifreið og jeppabifreið á Holtabraut í Holtahverfi. Ökumaður annarrar bifreiðarinnar fór á sjúkrahús til skoðunar, en meiðsl hans eru ekki talin alvarleg. Önnur bifreiðin var öðukufar eftir áreksturinn. – *eirikur@bb.is*

Prófkjör sjálfstæðismanna í Ísafjarðarbæ

Gísli gefur kost á sér í fyrsta sætið

Gísli Halldór Halldórsson hefur ákveðið að gefa kost á sér í 1.-2. sæti á framboðslista sjálfstæðismanna í prófkjöri flokksins sem haldið verður þann 11. febrúar. „Margir hafa komið að máli við mig og hvatt mig til að gefa kost á mér ofarlega á listann. Ég hef einnig leitað ráða víða og komist að þeirri niðurstöðu að það sé framboði flokksins, og bænum jafnframt, til heilla að raunveruleg og hörð barátta eigi sér stað um efstu sætin á listanum. Listinn verður mun sterkari á eftir og allir á honum



Gísli Halldór Halldórsson. Með skýrt umboð frá flokksmönnum.

Ástæða þess að ég nefni 1.-2. sætið og fer þar með gegn Halldóri Halldórssyni er ekki sú að ég sé óánægður með störf hans. Þvert á móti tel ég hann, ásamt okkar fólki, hafa haldið sjó og gott betur á erfiðum tímum fyrir vestfirskt sjávarþorp eins og Ísafjörður er. En hinsvegar tel ég mig fullfæran að axla sömu ábyrgð og gef því fólki kost á að velja mig í fyrsta sætið sem valkost við framboð Halldórs.

Ég get jafnframt vel hugsað mér að leggja mína krafta við hans reynslu og annarra á list-

anum verði 2. sætið hlutskipti mitt. Tel ég að á hvorn veg sem færi yrðum við Ögurvík-ingar bæjarbúum möguleiki til mikilla framfara á viðkvæmu augnabliki í sögu bæjarins. Ég ætla með þessum hætti að sýna alvöru mína í því að gefa fullan kost á kröftum mínum í þágu bæjarfélagsins fái ég til þess stuðning. Fái ég ekki umtalsverðan stuðning í efstu sætin í þessu prófkjöri mun ég líta svo á að framtíð mín liggi á öðrum vettvangi“, segir í tilkynningu frá Gísli Halldóri. – *thelma@bb.is*

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps

Óskar eftir betri hafnaraðstæðum við Reykjanes

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps ætlar að fara á leit við Siglingastofnun að gera úttekt á hafnaraðstöðu við Reykjanes við Ísafjarðardjúp. Á fundi stjórnarinnar á fimmtudag var lagt fram bréf þar sem fram kom að vegna vaxandi notkunar á hafnaraðstöðunni væri óskað eftir því að skoðaðir væru mögu-

leikar á úrbótum. Í bréfinu var sagt að núverandi aðstæður hentuðu ágætlega til að koma fólki í land en ekki til legu. Varanlegt lægi myndi kalla á svipaðar aðstæður og við Arngerðareyri. Þá myndu betri hafnaraðstæður efla ferðamannaþjónustu og rekstur Hótel Reykjanes.



Seldu fallegan fatnað á skemmtilegan og nýstárlegan hátt.

EXPRESS LIGHT STANDARD BOUTIQUE




Við gerum hönnuð og gífurlega góða föt.

Söluaðili óskast!

Langar þig að nýta frítíma þína - til að gera eitthvað skemmtilegt og spennandi, ásamt því að afla þér euka tekna? Þú skaltu gerast söluaðili á fatnaði frá Friendtex. Friendtex er stærsta fyrirtæki á norðurlöndum sem selur fatnað á heimakynningum.

Þú stjórnar vinnutíma þínum sjölf. Kíktu á www.friendtex.is eða hafðu sambandi við Margræti eða Ragnar í síma 568-2870

Friendtex, Síðumúli 13, 108 Reykjavík
www.friendtex.is



KIA SÝNING

KIA sýning um helgina
Opið laugardag og sunnudag
frá klukkan 12 til 16

KIA Sorento

KIA Sorento er frábær jeppi byggður á grúnd með afmíkkli 140 hestafía turbo díslvél, háu og lágu drifi og 5 þrepa sjálfskiptingu. Auk þess nákulega búinn með ABS hemsíkerfi, tvískiptum afburtara, álfelgum, þakboga og mörgu fleiru. Þetta er jeppi sem þú verður að prófa.

Enn betra verð
2.985.000 kr.
fyrir fullbúinn alvörujeppa



KIA Sportage

Frumsýnum KIA Sportage með nýri og byltingarkenndri 2ja lítra díslvél sem skilar 140 hestöflum. Vélin er einstaklega umhverfisvæn, hljóðlát og eyðslugræn.

Og verðið er frábært
aðeins 2.490.000 kr.

KIA er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

KIA umboðið er eini vilðurkennði sölur- og fjálfumtækili KIA í Íslandi, jafnvillegið.



KIA MOTORS



KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.

H.V. Umboðsverslun • Söluumboð Ísafirði • sími 458 4888

Áslaug S. Alfreðsdóttir, stjórnarformaður ferðaskrifstofunnar Vesturferða á Ísafirði skrifar

Vesturferðir: staða og stefna

Endrúm og eins skjóta upp kollinum sögusagnir um að þá og þá stundina séu Vesturferðir endanlega að gefa upp öndina. Svö er aldeilis ekki þó ýmislegt hafi gengið á hjá fyrirtækinu allt frá stofnun þess. Meginmarkmið Vesturferða hefur allt frá stofnun fyrirtækisins 1993 verið að að setja saman, þróa og selja ferðir um Vestfirði og þjóna þeim vel sem sækja Vestfirði heim. Skrifstofan hefur lagt áherslu á það að fá til liðs við sig sem flesta á svæðinu til að geta boðið upp á sem fjölbreyttasta þjónustu fyrir umþjóðendur skrifstofunnar; ferðamenn sem sækja Vestfirði heim.

Ýmislegt hefur verið gert til að auka fjölbreytni og jafna verkefnum á skrifstofunni yfir árið s.s. að selja flugfarseðla, reka umboð bílaleigu og að starfrækja upplýsingamiðstöð fyrir Ísafjarðarbæ.

Upplýsingamiðstöð

Pegar Ísafjarðarbær ákvað að bjóða út rekstur á landshlutamiðstöð Upplýsingamiðstöðvarinnar á Ísafirði á sínum tíma var einungis eitt tilboð sem barst, frá Vesturferðum,

og var því tekið. Starfsemin var síðan boðið aftur út og þá var það sama upp á teningum. En á síðasta ári ákvað atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar að segja upp samningi við Vesturferðir um rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar á Ísafirði og tók uppsögnin gildi síðustu áramót.

Á heimsíðu bæjarstjórans í
Ísafjarðarbæ segir desember:

„Framundan eru miklar breytingar á rekstri upplýsingamiðstöðvarinnar. Undanfarin ár hefur hún verið rekið af Vesturferðum eftir útböð á rekstrinum. Að tillögu atvinnumálanefndar var ákveðið að fara þá leið í rekstrinum að Ísafirðjarðar reki upplýsingamiðstöðina og ráði til þess starfsfólk. Ferðapjónustan hefur af og til gagnrýnt það fyrirkomulag sem viðhaft hefur verið og talið óeðlilegt að einkaaðili ræki upplýsingamiðstöð ferðamála. Mér er sagt að þannig sé það þó gert á Norðurlandi eystra og reynist ágætlega.

Rekstur upplýsingamiðstöðvar á vegum Ísafjarðarbæjar mun kosta um 7 m.kr. á ári. Ferðamálaráð greiðir 2,5 m.kr. upp í það á þeim forsendum að upplýsingamiðstöðin

er landshlutamiðstöð fyrir Vestfirði. Mér finnst eðlilegt að hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu komi að fjármögnun upplýsingamiðstöðvar fyrir landshlutann með Ísafjarðarbæ og Ferðamálaráði. Verkefni okkar er að undirbúa opnun upplýsingamiðstöðvar á vegum Ísafjarðarbæjar með ráðningu forstöðumanns, því að tryggja húsnaði sem verður vonandi á sama stað í Edinborgarhúsinu. Þá þarf að fá ferðaþjónustuna að rekstrinum eins og fyrir segir.“

Samkvæmt ofangreindu útboði voru Vesturferðum greiddar innan við 2 milljónir á síðasta ári og því er ljóst að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er tilbúin að bæta töluvert í núna, í stað þess að nýta sér kosti útboðs. Þá gæti bærrinn, sem greinilega er tilbúinn til að auka framlög sín til ferðamála, lagt mismuninn í önnur þörf verkefni í ferðapjónustu sem eru næg. Vonir bæjarstjórans um að fá hagsmunaaðila að rekstrinum eru góðar og gilda en því miður eru flest fyrirtæki svo smá og veikburða að varla er hægt að gera ráð fyrir miklum fjárhagslegum stuðningi þaðan til að reka margra milljóna krónu skrifstofu með öllu



Áslaug S. Alfreðsdóttir.

sem því fylgir.

Það skýtur nokkuð skökku-
við að á sama tíma og bærinn
leitar leiða til að lækka kostnað
á öðrum sviðum rekstrar síns
með útboðum, standi hann að
því að auka kostnað og auka
opinberan rekstur án þess að
aukin gæði séu í sjónmáli.

Samningur Vesturferða og Ísafjarðarbæjar rann út um áramót og þá var ljóst að bæ-
rin gæti ekki ráðið starfsmann
og opnað fyrir eitthvað væri
liðið á árið var því gerður
skammtímasamningur við
Vesturferðir til 5 mánaða um
að sjá um upplýsingamiðstöð-
ina í þann tíma.

Aftur að rótunum



Staupraflotbryggjan í Sunda- höfn tekin niður til viðgerðar

Gamla staurafloðbryggjan í Sundahöfninni á Ísafirði hefur verið tekin til viðgerðar. Að sögn Guðmundar M. Kristjánssonar, hafnarstjóra Ísafjarðarhafnar, var bryggjan orðin missigin og þung. „Það var orðið ljóst að

flóthyli voru farin að gefa sig og leka“, segir Guðmundur. „Bryggjan hefur verið án meiriháttar viðhalds í lengri tíma, þó minniháttar viðhald hafi farið fram á hverju ári. Þetta er bara eðlileg viðhaldsvinna, og það var kominn tími

til að gera almennilega við hana.“ Aðspurður segir Guðmundur að bátunum sem legið hafa við þessa bryggju hafi verið dreift á hinar bryggjurnar á meðan að á viðgerðum stendur.

„Það er gert ráð fyrir að

þetta taki um það bil mánuð, þó það liggi ekki alveg fyrir. Við eigum eftir að meta ástandið að fullu“, segir Guðmundur. Umrædd bryggja er elsta staurafloðbryggja á landinu og er frá árinu 1972.

– eirikur@bb.is

– *eirikur@bb.is*

Í kjölfar skipulagsbreytinga hætti skrifstofan að sjá um bílaleiguumboðið sem hún hafði séð um. Á sama tíma þótti ljóst að í kjölfar lækkinga farniðaverðs og aukinnar netvæðingar í flugfarsðlakaupum var ekkí grundvöllur fyrir sölu á þeim.

Starfsemi Vesturferða er því aftur komin að upphaflegum tilgangi sínum; að sjá um skipulagningu ferða á Vestfjörðum, þ.e. sölu á eigin ferðum, umboðssölu og kynningu á þjónustu annarra ferðaþjóna á svæðinu og ráðstefnuþjónustu. Auk þess annast Vesturferðir móttöku skemmtiferðaskipa á Ísafirði og skipulagningu ferða fyrir farþega þeirra.

Vesturferðir er öflugur þátttakandi í ýmiss konar þróunar- og nýsköpunarverkefnum í ferðapjónustu á svæðinu með aðaláherslu á þróun ferðatengdum náttúruskoðun, útiivist og hreyfingu.

Vesturferðir njóta engra ríkisstyrkja. Fyrirtækið hefur, eins og að ofan er greint, sinnt rekstri upplýsingamiðstöðvar fyrir lága upphæð og verið í samstarfi við opinbera aðila við markaðssetningu á svæði.

inu markaðssöðlingu á svæðinu, en lengra ná samskipti hins opinbera og Vesturferða ekki. Því verður að teljast afskaplega undarleg sú rögherferð sem önnur ferðaskrifstofa á Vestfjörðum hefur farið upp á síðkastið. Enn ankanalegru verður hún þegar lítið er til þess að téð ferðaskrifstofa stendur eingöngu í því að senda Íslendinga til Danmerkur, en, nokkuð sem Vesturferðin hafa fyrir löngu hætt og hafa engan áhuga á.

Vesturförðir hafa verið fast-ur punktur í ferðajönustu á svæðinu vel á annan áratug og án efa verið eitt öflugasta fyrirtækið í kynningu og markaðssetningu svæðisins. Næginna áfanga bæklingaútgáfu skrifstofunnar sem ætíð hefur verið vandað til. Í haust var nýrri bæklingaröð hleypst af stökunum með útgáfu enska bæklinga fyrir útlendar ferðaskrifstofur.

Sókn er besta vörnin

Margar nýjar og spennandi ferðir með áherslu á útivist og náttúru bera þess glókkít vitni. Spennandi verður að sjá hvernig ferðamenn taka í þá fugla- og refaskoðunarferða- áherslu sem lögð var í haust með uppsetningu ferða um alla Vestfirði. Vesturferðir hafa eftir því sem ferðalýjón-ustan þroskast hér vestra sóst eftir samstarfi við aðila sem bjóða ferðir á Suðurfjörðum- um og Ströndum, svo fátt eitt sé nefnt.

Skemmtiferðaskipum til Ísafjarðar hefur fjölgað og þau

tækkað ár frá ári og stöðugt fleiri farþegar nýta sér ferðir sem í boði eru. Vesturferðir hafa lagt metnað sinn í að auka fjölbreytni og gæði þeirra ferða sem eru í boði fyrir skemmtiskipin. Það hefur sýnt sig að samstarf og samvinna hafnaryfirvalda og ferðaþjónustuaðila hefur skilað ríkulegum ávöxtum með fjölgun skipa sem hingað koma. Sú þjónusta sem Vesturferðir bjóða upp á eykur mjög möguleika og tækifæri Ísafjarðar til að þjóna þessum markaði enn betur. Þeir sem sjá um skipulagningu ferðanna hér sjá hagræðið í því að skipta aðeins við einn aðila sem heldur um alla þræðina. Það er því augljóst að ef ekki væri þessari þjónustu fyrir að fara hér væru mun færri ferðir í boði og farþegar mundu skilja eftir mun minni tekjur í bænum.

Fjölþætt samstarf hefur líka skilað árangri í eflingu ísa-fjarðarbæjar sem ákjósanlegs staðar til funda og ráðstefnu-halds. Þeim fjölgar stöðugt sem vilja halda fundi og ráð-stefnur hér í bænum og þeir sem hingað koma kunna vel að meta þá góðu og persónu-legu þjónustu sem boðið er upp á. Ekki spillir fjölbreytt val af ýmis konar dægradvöl og hversu stutt er í ósnortna náttúru.

Aổ lokum

Það er ljóst að þó ferðahjónusta hafi ekki verið ýkja arðbær á síðustu árum á Vestfjörðum eru sóknarfærin mörg, bæði meðal innlendra og erlendra ferðamanna. Þegar er til staðar á svæðinu gott framboð á mjög áhugaverðum ferðum. Eigendur, starfsfólk og samstarfsaðilar Vesturferða vilja ekki leggja árar í bát, heldur snúa bökkum saman til að gera greinina að lifibrauði fyrir sem flesta á svæðinu.

Starfsfólk Vesturferða er vel menntað og þrautþjálfað til að sinna verkefnum sínum. Með breytingum á verkefnum fyrirtækisins á undanfórnum misserum eru tækifærin mörg til að halda áfram kraftmikilli starfsemi á ört vaxandi ferðabjónustusvæði. Fyrirtækið er rótgróið ferðabjónustufyrirtæki með gott orðspor og tengsl við ferðaskrifstofur um víða veröld, og eina ferðaskrifstofan sem sinnir móttöku ferðamanna og þróun ferða á Vestfjörðum.

Vesturferðir er öflugt og framsækið fyrirtæki í ferðaþjónustu sem leggur metnað sinn í að bjóða fjölbreytta gæðapjónustu og laða inná svæðið sem flesta ferðamenn og skapa þannig sem mestar tekjur af ferðapjónustu.

– Áslaug S. Alfreðsdóttir.

„Forneskjulegt viðhorf minnihlutans í þessu máli er með ólíkindum“

Fjallað var um umdeilda lagningu vegarslóða til Leirufjarðar á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag í síðustu viku. Fram kemur á heimasíðu Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra, að Björn Davíðsson Samfylkingu, og fleiri í minnihlutunum, hafi talað um samgöngubætur í tengslum við lagningu slóðans. Halldór segir ótrúlegt að hugsunarháttur sem þessi skuli vera uppi á 21. öld.

„Það ætti að vera öllum ljóst í hverju verðmæti þessa svæðis eru fyrst og fremst fólgin“, segir á heimasíðu bæjarstjórnans. „Það er auðvitað að vinna áfram eftir þeirri hugmyndafræði sem mótuð hefur verið fyrir friðlandið á Hornströndum og þennan hluta Jökulfjarða sem ekki er innan friðlandsins. Til er samþykkt landeigenda o.fl. frá árinu 1995 um framtíðarlandnotkun Snæfjallastrandar og þess hluta

Jökulfjarða sem ekki er innan friðlandsins. Þar er ekki talað um vegalagningar heldur um að varðveita þetta svæði sem ósnortið eftir því sem tók eru á. Þar er einnig talað um hugsanlegan möguleika á að þetta svæði verði einnig að friðlandi í fyllingu tímans.“

Þá segir að umhverfisáhrifin af vegslóðanum séu verulega mikil og það stafi ekki einvörðungu vegna þeirra óafturkræfu áhrifa sem lagning hans hafi á náttúruna heldur einnig vegna þess að landsvæðið sé ekki lengur óspillt. „Nú liggur þangað vegur, því getur fylgt umferð bifreiða og ýmissa tækja sem breytir ásýnd svæðisins úr því að vera sérstök og allt öðruvísi í það að vera eins og önnur svæði landsins sem eru aðgengileg með bifreið. Forneskjulegt viðhorf minnihlutans í þessu máli er með ólíkindum. Það ætti öllum að vera ljóst hversu miklu máli



Vegslóðinn til Leirufjarðar.

skiptir að varðveita þetta landsvæði sem stærsta samfellda ósnortna og óbyggða landsvæði á landinu utan hálendis-svæða.“

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fól bæjarstjóra fyrir skemmstu að leita umsagnar Umhverfisstofnunar, umhverfisráðuneytis og bæjarlögmanns um

úrskurð sýslumanns vegna lagningar vegarslóðans. Í úrskurði sýslumanns kom fram að hann myndi ekkert aðhafast frekar í málinu, en benti hann bæjaryfirvöldum þess í stað á ýmis önnur úrræði, eins og að stöðva framkvæmdir, afturkalla leyfi, knýja fram lagfæringar eða láta lagfæringar fara

fram og krefja leyfishafa um greiðslu bóta. Þá kom fram að umrót hefði verið mun meira í Leirufirði en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi, og leyfishafi hefði gert jeppafæran slóða yfir í fjörðinn til að koma. Einnig kom fram að leyfisveitandi, þ.e. Ísafjarðarbær, hafi ekki sett fram lýsingu á

framkvæmdum eða afmörkun framkvæmda, og ekki lýst því hverslags jarðrask væri leyfilegt og hverslags jarðrask væri óleyfilegt. Þegar leyfið var veitt var tekið fram að jarðrask sem af framkvæmdinni hlýst skuli lagað, en ekkert kom fram um hversu mikill tímafrestur væri gefinn til þess.

Hafnarstjórn og umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar

Í samstarf um framtíðarstaðsetningu olíubirgðastöðvar

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að af samstarfi hafnarstjórnar og umhverfisnefndar verði, vegna úttektar á mögulegri framtíðarstaðsetningu olíubirgðastöðvar við Suðurgötu, Sundahöfn eða á Mávagarði. Umhverfisnefnd lagði til á fundi sínum fyrir skemmstu að myndaður yrði vinnuhópur til að fjalla um málefni olíubirgðastöðvar. Í

tillögu nefndarinnar var lagt til að vinnuhópin skipi hafnarstjóri, bæjarteknifræðingur og formenn umhverfisnefndar og hafnarstjórnar.

Nokkur styr hefur staðið um þetta mál upp á síðkastið. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, hefur sagt að allir staðir séu í raun slæmir en hefur mælt með því að olíubirgðastöðin verði áfram á Suðurgötu, ekki

minnst með þeim rökum að annars þurfi bæjaryfirvöld að kaupa upp þau mannvirki sem nú eru þar. Bryndís Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, hefur hins vegar sagt að núverandi staðsetning sé sú allra versta sem til boða standi og að olíubirgðastöðin slíti í sundur miðbæinn.

Eins og fram hefur komið lagði hafnarstjórn til á fundi

fyrir skemmstu að farið yrði í heildarúttekt á þremur stöðum á Ísafirði, þ.e. Mávagarði, Sundabakka og Suðurgötu, þar sem olíubirgðastöðin er nú. Forsaga málsins er sú að bæjarráð lagði til fyrir stuttu að beiðni Olíudreifingar ehf. og Skeljungss hf. um stækkun löðar olíubirgðastöðvar við Suðurgötu um 1.130 m² yrði samþykkt og að heimild yrði



Olíubirgðastöðin við Suðurgötu.

veitt til uppbyggingar á löðinni, en eftir umræður í bæjarstjórn var málinu vísað til um-

sagnar hjá hafnarstjórn og umhverfisnefnd.

– eirikur@bb.is

RITSTJÓRNARGREIN

Nýja Súðavík

„Til að byggð verði að nýju í Súðavík þurfa atvinnutækifæri að vera þar ekki síður en verið hafa um langa hríð.“ Þannig hófst leiðari blaðsins með ofangreindri fyrir sögn 25 janúar 1995, þegar fólk var rétt að byrja að ná áttum eftir snjóflóðið, sem lagði þorpið nánast í rúst.

Síðar sagði: „Milli fólks og fyrirtækis verður ekki greint. Hvorugt þrífst án hins. Þess vegna hafa atvinnutækifæri í Súðavík lítið að segja ef ekkert kemur fólkið. Engin byggð.“ Og svo var spurt: „Halda Súðvíkingar heim á leið?“

Já, Súðvíkingar héldu heim á leið, margir hverjir, þótt ýmsir heltust úr lestinni, sem við var að búast. Súðavíkurhreppur átti Eyrardalsland, heppilegt bæjarstæði; þar reis Súðavík hin nýja.

Á þeim ellefu árum sem liðin eru síðan ósköpin dundu yfir hefur oft reynt á þolrifin hjá Súðvíkingum. Í áratugi hafði Frosti hf verið burðarásinn í atvinnulífi staðarins. Undir lokin var svo komið fyrir þessu áður blómlega frystihúsi að þar var einungis unnin rækja. Sú starfsemi hætti svo síðla sumars. Tugir fólks atvinnulaust. Mikið áfall fyrir lítið samfélag. En árar voru ekki lagðar í bát. Ef fram fer sem horfir má ætla að á vordögum verði um 40 störf í húsnæði Frosta hf, álíka fjöldi og var í rækjuverksmiðjunni þegar flest var. Mótlætið er til að sigrast á því.

„Ef áhuginn og viljinn er fyrir hendi og markmiðin skýr er hægt að leysa ótrúlega orku úr

læðingi,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík, í opnuviðtali BB í dag, maður sem fullyrða má að hafi fyrir margra hluta sakir vakið athygli fyrir einarða baráttu og út-sjónarsemi, maður með trú á framtíð byggðarlagsins.

„Ég trúi því að lífsgildi fjölskyldna eigi eftir að breytast á komandi árum, að ákveðin vakning muni eiga sér stað. Þessi hraði og löngun til að vera alltaf þar sem mest er um að vera er að víkja fyrir vilja fólks til að komast í friðsælla umhverfi þar sem það getur hlúð vel að sér og sínum.

Vestfirðir eiga þá aða vera búnir að skapa hér þau skilyrði til að geta tekið við þeirri fjölgun. Við þurfum ekki að sjá mörg prósent af höfuðborgarþéttum streyma út á landið svo að Vestfirðir geti haldið sínu. Markmiðið er ekki að allt fyllist hér af fólki heldur að geta búið til heil og sterk samfélög sem geta boðið öllum fjölskyldumeðlimum upp á menntun, afþreyingu og atvinnu við hæfi og það er að langmestu leiti í okkar höndum hvernig til tekst.“ Orð að sönnu.

Þótt óumflýjanlegt sé að ríkisvaldið láti til sín taka við eflingu byggðar á Vestfirðum í álíka mæli og það hefur gert í öðrum landshlutum verða heimamenn að marka stefnuna. Vilji okkar verður að ráða ferðinni líkt og í Súðavík hinni nýju.

s.h.

Rífandi stemmning á þorrablóti Bolvíkinga

Þorrablót Bolvíkinga var haldið með glæsibrag síðastliðið laugardagskvöld. „Það var rífandi stemmning eins og vanalega. Annállinn sló í gegn, í honum er enginn óhultur og nú er svo komið að það þykir heiður ef á mann er minnst í honum“, sagði Soffía Vagnadóttir í samtali við blaðið.

„Það var mikið sungið og forsöngvari í salnum var Finnþógi Bernódusson. Run-ólfur Pétursson talaði til kvenna eins og hefð er og að loknu borðhaldi og skemmtiatriðum sáu eiginmenn kvennanna í nefndinni um að rýma salinn. Gott veður var og beið

fólk úti á meðan eða skrátt í smá parti og kom svo aftur á ballið þar sem hljómsveitin Eyðís hélt uppi stuðinu. Dóttir mín og tengdasonur mættu í fyrsta skipti og voru með okkur hjónunum í trogi og var ég sérstaklega ánægð með að drengurinn borðaði allt sem í troginu var, þar er ekta blótsmaður á ferð. Hákarlailmur og lyktin af súrum hrútsprungum sveif yfir öllu og fékk ég að smakka magál af næsta borði, hann hefði ekki smakkað fyrr en þótti hann mjög góður. Þetta fór allt fram með allra besta móti og heppnaðist mjög vel“, sagði Soffía.

Meðfylgjandi myndir voru



teknar á þorrablótinu. Fleiri myndir munu birtast í svipmyndum á bb.is innan tíðar.

– gudrun@bb.is



Viltu vinna með þeim bestu?

BT á Ísafirði leitar að verslunarstjóra og einnig að sölumanni í 60% starf:

Meðal þess sem verslunarstjóri ber ábyrgð á:

- Daglegum rekstri verslunar og stjórnum starfsmanna
- Mánaðarlegum sölu- og framlegðarmarkmiðum
- Lúgmörkun kostnaðar
- Útliti verslunar, hámarksgræða í sölu og þjónustu
- Jálkvæðri upplifun viðskiptavina
- Mótun starfsánægju og jálkvæðs, hvetjandi starfsanda

Hæfniskröfur

- Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af verslunarekstri og stjórnum með mannaflokkum
- Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi almenna þekkingu og áhuga á þeim vörum sem seldar eru í BT verslunum

Meðal þess sem sölumenn bera ábyrgð á:

- Græðum í sölu, ráðgjöf og þjónustu
- Framsetningu á vörum, áfyllingum, verðmerkingum, vörupplýsingum o.þ.h.
- Jálkvæðri upplifun viðskiptavina

Hæfniskröfur


- Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi breiða þekkingu og áhuga á þeim vörum sem seldar eru í BT verslunum
- Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af sambærilegum sölu- og þjónustustörfum

Við leitum að fólki sem er:

- Árangursdrifni með gott frumkvæði, metnað og getu til að starfa sjálfstætt
- Skipulagð og hefur tileinkað sér vönduð vinnubrögð
- Með jálkvæðri viðhorf og hæfni í mannlegum samskiptum
- Með miklu aðlögunarhæfni í sýnbreytilegu starfsumhverfi
- Ósérhlið og hefur gaman af samskiptum og þjónustu
- Tilbúð til að leggja mikið á sig við að uppfylla þarfar viðskiptavina

Umsóknir berist með fyllibúna til starfsmannastjóra á annabima@bt.is. Umsóknarfrestur til 30. janúar 2006.





Mikill samdráttur í rækjuveidum

Einungis veiddust 1.257 tonn af rækju á Vestfjarðamíðum árið 2005, á miðað við 3.982 tonn árið á undan og er samdrátturinn upp á 68,4% á milli ára. Mest var landað af rækju árið 2005 í Súðavík, eða 615 tonnum, á miðað við 2.363 tonn árið áður, en það er samdráttur um tæp 74%.

Næst mest var landað á Bíldudal eða 319 tonnum á miðað við 348 árið á undan, en það er samdráttur um rúm átta%. Þá var landað 121 tonni á Þingeyri árið 2005, en einungis 9 tonnum árið 2004, en það er ríflega þrettánföldun á afla.

Á Ísafirði var landað 111 tonnum á miðað við 890 tonn árið 2004, en það er samdráttur upp á u.þ.b. 87,5%. Á Hólmavík lönduðu menn 49 tonnum af rækju á miðað við 310 tonn árið 2004, og er það samdráttur upp á rúm 84%.

– eirikur@bb.is



Umsagnar leitað vegna vegarsslóða í Leirufjörð

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið bæjarstjóra að leita umsagnar Umhverfisstofnunar, umhverfissráðuneytis og bæjarlögmanns um úrskurð sýslumanns vegna umdeildrar lagningar vegarsslóða til Leirufjarðar á síðasta ári, til að koma ytu yfir í fjörðinn til að stöðva landrof í jökulá. Í úrskurði sýslumanns kom fram að hann myndi ekkert aðhafast frekar í málinu, en benti bæjaryfirvöldum þess í stað á ýmis önnur úrræði, eins og að stöðva

framkvæmdir, afturkalla leyfi, knýja fram lagfæringar eða láta lagfæringar fara fram og krefja leyfishafa um greiðslu bóta.

Þá kom fram að umrót hefði verið mun meira í Leirufirði en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi, og leyfishafi hefði gert jeppafæran slóða yfir í fjörðinn til að koma. Einnig kom fram að leyfisveitandi, þ.e. Ísafjarðarbær, hafi ekki sett fram lýsingu á framkvæmdum eða afmörkun

framkvæmda, og ekki lýst því hverslags jarðrask væri leyfilegt og hverslags jarðrask væri óleyfilegt. Þegar leyfið var veitt var tekið fram að jarðrask sem af framkvæmdinni hlýst skuli lagað, en ekkert kom fram um hversu mikill tímafrestur væri gefinn til þess.

Eins og kunnugt er fór landeigandi fram á að slóðinn fengi að standa með þeim lagfæringum og frágangi sem samkomulag yrði um þar til hægt væri að klára varnir gegn land-

rofi í firðinum, en bæjaryfirvöld frestuðu því að svara erindi landeiganda a.m.k. þar til sýslumaður hefði úrskurðað í málinu. Þegar rétt var við Halldór Halldórsson bæjarstjóra í þar síðustu viku sagði hann að aldrei hefði komið til greina að leyfa jeppaslóða yfir í fjörðinn, en slóðinn var notaður til að flytja olfu á ýturnar tvær sem farið var með til Leirufjarðar. Þá sagði Halldór að mun meiri skemmdir hafi orðið á leiðinni niður í Leiru-

fjörð en reiknað hafi verið með.

„Við töldum að það þyrfti bara að ýta til steini hér og þar. Það er svo ýtumaðurinn sem telur að gera þurfi vegslóða, og hefðum við verið spurð að því þá hefðum við ekki heimilað það. Það kom skýrt fram í framkvæmdaleyfinu að hafa ætti samráð við tæknideild áður en farið væri með jarðýtuna yfir og ráðist í framkvæmdir við jökulána, en það var aldrei gert.

– eirikur@bb.is

Sameiginlegt framboð þriggja flokka í Ísafjarðarbæ

Þrír flokkar í Ísafjarðarbæ, Frjálslyndir og óháðir, Samfylkingin og Vinstrihreyfingin – grænt framboð, hafa ákveðið að bjóða fram sameiginlegan lista til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar við sveitarstjórnarkosningar í maí 2006, undir nafninu Í-listinn Ísafjarðarbæ.

Prófkjör hins sameiginlega framboðs verður haldið laugardaginn 25. febrúar nk. og verður það opið öllum kjósendum sem ekki eru flokksbundnir í öðrum stjórnmálaflokkum. Hver hinna þriggja flokka mun tilnefna fjóra framboðendur í prófkjörið,

alls tólf manns, sem valið verður úr í fjögur efstu sæti listans. Kjörið verður bindandi í þau sæti.

Flokkarnir þrír munu hver um sig ákveða sínar tilnefningar í prófkjörið með sínum hætti og skila tilnefningum þann 31. janúar til sameigin-

legrarkjörstjórnar. Kjörstjórnina skipa Aðalbjörg Sigurðardóttir, Birkir Friðbertsson og Kristmann Kristmannsson. Kjörstjórn mun sjá um framkvæmd hins sameiginlega prófkjörs. Ákveðið hefur verið að óflokksbundnir framboðendur jafnt sem flokksbundnir

eigi kost á að bjóða sig fram gegnum flokkana þrjá sem tilnefna í prófkjörið. Þeir sem hug hafa á að gefa kost á sér til framboðs í prófkjörið, eða vilja leita nánari upplýsinga er bent á að hafa samband við forystumenn þeirra flokka sem að framboðinu standa.

Þeir eru: Frjálslyndir og óháðir: Magnús Reynir Guðmundsson, sími 456-3783 og 893-3783. Samfylkingin: Sigurður Pétursson, sími 456-3139 og 895-8270. Vinstrihreyfingin, grænt framboð: Lilja Rafney Magnúsdóttir, sími 456-6231 og 866-2457.

● **Sælkeri vikunnar** • Steinunn Guðmundsdóttir í Bolungarvík

Hollustan í fyrirrúmi

Hollustan er í fyrirrúmi hjá sælkera vikunnar en hún býður upp á ljúffengan grænmetisrétt, fisk með grænmeti og túnfisksalat. Grænmetisrétturinn er léttur og bragdgóður réttur sem gott er að bera fram með hvítlauksbrauði eða ristuðu brauði. Þá segir Steinunn að gott sé að strá parmesanosti yfir. Fiskurinn er léttur í maga og ljúffengur í munni. Og að lokum býður Steinunn upp á gómsætt en hollt túnfisksalat.

Grænmetisréttur

1-2 msk matarolífa
1 stk. laukur
1-2 stk grænmetisteningar

150 g spergilkál
150 g blómkál
2 stk gulrætur
1 dós nýrnabaunir
1 dós saxaðir tómatar
¼ - ½ dl vatn
1 tsk oregano
1 tsk steinselja
½ tsk ítölsk kryddblanda
¼ - ½ tsk piparblanda

Brytjið grænmetið og notið líka leggina af kálinu. Gljáið laukinn í olfunni, og setjið síðan blómkálið, gulræturnar, grænmetisteningur og vatnið út í. Látið sjóða þar til kálið og gulræturnar eru farnar að mýkjast þá eru sprotarnir af spergilkálinu settir út í og soðið smá stund. Passið að hafa

ekki of mikinn hita. Setjið nýrnabaunir og tómata út í og hitið vel í gegn. Stráðið kryddinu yfir og bragðbætið með salti eða einhverjum krafti.

Fiskur með grænmeti

1 stk grænmetisteningur
1dl vatn
1 stk gulrófa skorin í teninga
3 stk kartöflur skornar í teninga
3 stk gulrætur skornar í teninga
1 stk laukur saxaður
1 stk sellirí stöngull sneiddur
600 g fiskflak í bitum
Sellirísalt

Sjóðið vatnið og teninginn

saman. Setjið grænmetið út í og sjóðið í u.þ.b. 10 mínútur. Setjið þá fiskinn yfir þannig að hann hylji eiginlega grænmetið. Stráðið sellirísalti yfir fiskinn og hitið að suðu. Slökkvið undir pottinum og látið bíða þar til fiskurinn er orðinn hvítur í gegn. Gott er að nota grunnan og víðan pott. Rétturinn er borinn fram í pottinum.

Túnfisksalat

1 dós túnfiskur í vatni
200 g kotasæla
100 g smátt skorin agúrka
1 tsk karri
1-2 tsk dill
Salt og pipar



Stappið túnfiskinn með gaffli og hrærið saman við kotasæluna. Blandið öðru hráefni saman við og bragðbætið með salti og pipar. Berið fram með gulrótastöfum, blómkáls-

hríslum, paprikubátum, sell-eristönglum eða kexi.

Ég skora á Margréti Gunnarsdóttur í Bolungarvík að verða næsti sælkeri vikunnar.

Örn ráðinn nýr snjóathugunarmaður Ísafjarðarbæjar

Örn Ingólfsson á Ísafirði hefur verið ráðinn nýr snjóathugunarmaður í Ísafjarðarbæ. Hann tekur við af Oddi Pétursyni „Starfið snýst um að gera mælingar á snjóalögum fyrir Veðurstofuna sem metur stöðuna í samstarfi við mig. Vegagerðin er með eftirlit með vegunum en Veðurstofan byggðunum og hefur eftirlismenn víða um land. Einnig verð ég í samstarfi við Snjóflóðasetrið.“, segir Örn sem tók við starfinu um áramótin en fyrst um sinn verður Oddur honum til



Örn Ingólfsson.

aðstoðar.

Oddur hefur sinnt þessu starfi í árafjöld. „Oddur hefur verið frá upphafi og var fyrst hjá bænum áður en þetta þróaðist út í samstarf við Veðurstofuna. Eftir snjóflóðin í Súðavík og á Flateyri var starfið sett í fastar skorður eins og það er nú“, segir Örn. Um er að ræða hálf tæki og segir Örn að það leggist ágætlega í hann. „Starfið fer ágætlega saman við þau verkefni sem ég er einnig að vinna“, segir Örn.

Þess má geta að verið er að auglýsa eftir starfsmanni fyrir snjóflóðasetur Veðurstofunnar á Ísafirði. Um er að ræða sérfræðing sem kemur til með að vinna að verkefnum tengdum hætumati, snjó, og snjóflóðarannsóknunum. Er þetta ný staða er hún tímabundin. Vonir standa til að staðan þróist í framtíðarstarf. Umsóknarfrestur rennur út 20. janúar og eru gerðar kröfur um menntun á háskólastigi í landfræði, jarðfræði, verkfræði eða skyldum greinum. – thelma@bb.is

Orkubú Vestfjarða hf., Landsvirkjun og RARIK

Stofna smásölufyrirtæki á raforkumarkaði

Stjórn Orkubús Vestfjarða hf., samþykkti samhljóða í síðustu viku að taka þátt í stofnun smásölufyrirtækis á raforkumarkaði ásamt Landsvirkjun og RARIK. Hluverk félagsins er að annast orkuöflun og orkusölu á samkeppnismarkaði. Markmiðið með fyrirtækinu er að marka skýr skil á milli einkaleyfis- og samkeppnisrekstrar hjá OV og RARIK en fyrirtækin reka einnig dreifiveitur auk raforkuframleiðslu. Hið nýja fyrirtæki mun ráða yfir eigin framleiðslugetu auk þess sem það mun kaupa raforku í heildsölu frá framleiðendum. Það er mat forsvarsmanna fyrirtækjanna þriggja að með tilkomu fyrirtækisins, skapist öflugri valkostur á smásölumarkaði með raforku til hagsbóta fyrir neytendur. Eignarhlutur fyrirtækjanna í hinu nýja fyrirtæki skiptist þannig að RARIK og Orkubú Vestfjarða hf., eiga 36% hvort fé-



Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða hf., á Stakkanesi á Ísafirði.

lag og Landsvirkjun á 28%.

Stjórn Orkubúsins hefur á seinni hluta ársins 2005 fjallað um stofnun hlutafélags til orkuframleiðslu og orkusölu samvinnu við RARIK og hefur Landsvirkjun nú komið inn í verkefnið og hefur náðst samkomulag milli forráðamanna Landsvirkjunar, RARIK og OV um að stofna hlutafélagið á m.a. eftirfarandi forsendum: 1. Félagið yfirtekur

sölustarfsemi OV og RARIK og verður sölugjaldskrá OV aðlöguð gjaldskrá félagsins í áföngum. Að minnsta kosti einn starfsmaður sem vinnur að sölustarfsemi verður staðsettur á Vestfjörðum. 2. Landsvirkjun, RARIK og Orkubú Vestfjarða munu áfram virkjanir fyrir hið nýja félag skv. sérstöku samkomulagi og verður því ekki breyting á högum þeirra starfs-

manna sem starfa nú við virkjanir Orkubús Vestfjarða.

Fyrirtækið mun eignast eftirtaldir aflstöðvar: Frá RARIK: Rjúkandi, Skeiðfoss, Grímsá, Lagarfoss og Smyrlabjargavirkjun. Frá Orkubú Vestfjarða: Mjólkársvirkjun, Þverárvirkjun, Rafstöðin Fossum og Reiðhjallavirkjun. Frá Landsvirkjun: Laxárstöðvar.

– bb@bb.is

Ísafjarðarbær

Hafnar tilboði Sæskipa ehf., um lækkun skulda

Ísafjarðarbær hefur hafnað erindi Sæskipa ehf., um lækkun skulda fyrirtækisins við sveitarfélagið. Sæskip gerðu Ísafjarðarbæ tilboð sem hljóðaði upp á að tekin væri heildarupphæð skulda, sem er með lögveð, án vaxta og kostnaðar og frá henni yrðu dregnar innborganir og skuldajafnanir og myndu Sæskip skulda þá upphæð sem eftir sæti. Bæjarráð tók tilboð Sæskipa fyrir á fundi í síðustu viku og bókaði að það teldi ekki mögulegt að verða við erindinu.

Eins og kunnugt er var skip Sæskipa, Jaxlinn, selt á haustmánuðum. Staðið hefur til að kaupa nýtt skip en að því er fram kemur í bréfi Sæskipa til bæjaryfirvalda hefur ekki af því orðið af ýmsum ástæðum „þó aðallega vegna þess að eigandi skipsins sem ætlað var að kæmi í staðinn hætti við sölu. Nú standa málin þannig að fundist hefur skip sem er á viðráðanlegu verði og gefur mikla og fjölbreytta möguleika varðandi flutninga, t.d. getur það flutt brettavöru,



Jaxlinn var seldur til Danmerkur á haustmánuðum.

þurrvöru, frystivöru (er með frystilest) og ca. fimmtíu 40 feta gáma, þar af 30 frystigáma.“

Þá segir í bréfinu að kaupin séu komin á það stig að búið

sé að senda kautilboð og því sé nauðsynlegt, vegna fjármögnunar og aðkomu nýrra aðila, að Sæskip ehf. og Ísafjarðarbær nái samkomulagi um skuld Sæskipa.



Lögreglustöðin á Ísafirði.

Lögreglufélag Vestfjarða

Mótmælir frumvarpi til breytinga á umferðarlögum

Stjórn Lögreglufélags Vestfjarða tekur undir mótmæli Landsambands Lögreglumanna vegna fyrirbyggjandi frumvarps til breytinga á umferðarlögum nr. 50/1987. Samkvæmt frumvarpinu er starfsmönnum Vegagerðarinnar veitt heimild til að stöðva ökutæki og sinna margþætta eftirliti með ökutækjum og ökuhönnunum sem hingað til hefur verið í höndum lögreglunnar, þar á meðal að kyrrsetja ökutæki á meðan beðið er eftir lögreglu.

Þannig mun starfsmönnum Vegagerðarinnar verða veitt heimild til að grípa til valdbeitingar við störf sín. Lögreglufélag Vestfjarða telur að með fyrirhuguðum

breytingum á umferðarlögum sé verið að dreifa lögregluvaldi til hagsmunaaðila, í þessu tilviki Vegagerðarinnar, og sé slík þróun mjög varhugaverð. Þetta kemur fram í ályktun sem gerð var á stjórnarfundum Lögreglufélags Vestfjarða.

Stjórnin lýsir einnig yfir fullum stuðningi við tillögur Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra þess efnis að gera Vestfirði að einu lögregluumdæmi. Þá fagnar stjórnin þeirri tillögu dómsmálaráðherra að lögreglustöðvar verði áfram starfræktar í Bolungarvík, á Hólavík og á Patreksfirði í hinu nýja umdæmi.

– gudrun@bb.is

Sæluhelgarleikritið á Suðureyri

Sýnt í íþróttahúsinu?

Sæluhelgarleikrit leikfélagsins Hallvarðar Súganda á Suðureyri verður líklega sett upp í nýju íþróttahúsi staðarins. Ef svo verður er það í fyrsta sinn sem leikritið er ekki sett upp í félagsheimili staðarins á Sæluhelginni.

„Eins og staðan er í dag eru allar líkur á því að við munum sýna í íþróttahúsinu. Við ætlum að prófa að sjá hvernig það virkar“, segir Erna Guðmundsdóttir forlagið Hallvarðar Súganda. Leikfélagið hefur sótt um afnot af annað hvort íþróttahúsinu eða félagsheimilinu. Ekki hefur verið ákveðið hvaða leikverk verði fyrir valinu en nægur tími er fyrir hendi.

„Við byrjum vanalega að æfa sex vikur fyrir frumsýn-

ingu. En ef við verðum í íþróttahúsinu verðum við að hafa annan hátt á því þar sem við getum ekki verið með leikmynd þar uppi í sex vikur. Það mun koma í ljós hvernig því verður háttað“, segir Erna.

Leikfélagið Hallvarðar súgandi var stofnað árið 1982 en hafði fyrir þann tíma starfað innan íþróttafélagsins Stefis á Suðureyri. Árið 1989 lagðist starfsemi félagsins niður og var ekki virkt þar til það var endurvirkjað árið 1998 af áhugasömu fólki um leiklist. Síðan þá hefur leikfélagið sett upp að minnsta kosti eina sýnningu á ári sem markar upphaf samarhátíðarinnar Sæluhelgarinnar.

– thelma@bb.is

„Ef áhuginn og viljinn er in skýr er hægt að leysa ó

Árið sem var að líða var mjög viðburðaríkt hjá Súðavíkurbreytingar áttu sér stað í atvinnumálum og sveitarfélagið hleypti af stokkunum fjölskylduátaki sem vakti mikla athygli. Rækjuvinnsla í Frosta var lögð niður og misstu á þriðja tug manna vinnuna í kjölfarið. Í staðinn komu ný fyrirtæki og sköpuðu ný störf. Súðavíkurbreytingar er með áttaksverkefni í gangi sem miðar að því að laða rekstur til bæjarins með því að skapa betri rekstrar-skilyrði fyrir fyrirtæki í Súðavík. Meðal annars verður til ársins 2010 veittur árlegur atvinnuálastyrkur til fyrirtækja sem skapa ný störf í sveitarfélaginu, hafnargjöld verða samkeppnishæf o.fl. Þá varð fjölskylduátakið til þess að Súðavík var fyrsta sveitarfélag landsins til að bjóða gjaldfrjálsan leikskóla. Bæjarins besta ræddi við Ómar Má Jónsson á þessum tímamótum en sveitarstjóri sveitarfélagsins segist horfa fram á hjarta tíma.

– Hvað felst í þessu atvinnu- og fjölskylduátaki?

„Fjölskylduátakið fór af stað undir merkjum stefnumörkunar í atvinnu- og byggðamálum Súðavíkurbreytingar sem nær yfir tímabilið 2005-2010. Niðurstöður þeirrar vinnu voru kynntar síðastliðið sumar og hafði vinna við stefnumörkunina þá staðið í um ár.

Þegar við fórum að fara yfir þessi mál okkar þá var ljóst að aðgerðir til að snúa vörn í sókn voru aðkallandi. T.d. hafði orðið töluverð fólksfækkun hjá okkur og var áberandi mikil fækkun í sveitarfélaginu árin 1996 til 2000, þegar fækkaði um 67 íbúa í sveitarfélaginu eða um 23% á fjórum árum.

Fjöldi íbúa í Súðavík hefur verið að telja allt niður í 170 íbúa og að halda úti grunn-skóla, leikskóla og allri þjónu sem hér er boðin upp á er erfitt þegar við erum ekki fleiri. Það var því mjög mikilvægt fyrir samfélagið að fara í þetta átak og er langtímamarkmiðið að koma íbúafjölda Súðavíkur upp í um 230 íbúa.

Hvað atvinnumálin varðar hefur landbúnaðurinn í Djúp- inu átt undir högg að sækja auk þess sem atvinnumálin í Súðavík voru áhyggjuefni, þar sem eitt fyrirtæki útvegaði um helming allra starfa í sveitarfélaginu. Fyrir samfélagið er það ekki góð staða, að byggja allt sitt á einu fyrirtæki eins og síðar kom á daginn þegar ytri aðstæður kipptu rekstrar- grundvelli undan rækjuveiðum og vinnslu hjá fyrirtækinu Frosta hf í Súðavík.

Þessir tveir meginþættir; fækkun íbúa í sveitarfélaginu og atvinnumálin, kölluðu á athygli okkar og kröfðust þess að við þeim yrði brugðist.

Okkur fannst í því sambandi mikilvægt að sveitarfélagið hefði frumkvæði að því að leita allra leiða til að fjölga atvinnutækifærum og fjölga íbúum, að beita aðferðum sem myndu leiða til vænlegra rekstrarumhverfis fyrirtækja

ásamt því að skapa hér fjölskylduvænna samfélag. Á það var horft að áhrifin myndu skila sér í nýjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum í fjölbreyttum rekstri sem myndu hefja starfsemi í Súðavík og auka þannig fjölbreytni starfa og minnka áhættu fyrir samfélagið í heild sinni þegar niðursveiflur yrðu.

Mikilvægt er að geta þess að þær ákvarðanir sem teknar voru og varða stefnumótunina eru í takt við fjárhag sveitarfélagsins og ljóst er að við hefðum ekki getað farið svona markvisst í átakið nema vegna þess að sveitarfélagið er ágætlega stórt fjárhagslega og hefur rekstrarniðurstæða síðastliðinna fimm ára skilað inn tekjum sem standa vel undir þessu átaki.

Rekstur sveitarfélaga er alls ekki svo frábrugðinn fyrirtækjarekstri að mörgu leiti, þau þurfa sínar tekjur til að standa undir lögbundnum og öðrum verkefnum sínum. Stór hluti tekna sveitarfélaga kemur frá útsvarstekjum og af fasteignagjöldum. Fjölgun íbúa og atvinnuöguleika skilar sér þannig beint inn í sveitar- sjóð, styrkja um leið stöðir þjónustuaðila á staðnum og efla samfélagið í heild sinni. Að sjálfsögðu horfum við á að fá það sem við leggjum í átakið til baka og lítum á þetta sem langtímafjárfestingu.

Helstu niðurstöður úr stefnumótunarvinnunni í atvinnumálum er að við staðfestum samkeppnishæfa gjaldskrá fyrir höfnina og vatnsveituna, höfum aukið húsnæðiskost í Súðavík undir atvinnustarfsemi um rúma 1000 fermetra, munum úthluta þriggja milljóna króna framlagi árlega til ársins 2010 sem skiptist milli þeirra fyrirtækja sem geta sýnt fram á að ný störf hafi orðið til í sveitarfélaginu, veitum ferðaþjónustu- aðilum í dreifbýli Súðavíkur- hrepps umhverfisstyrk sem nemur 50% af álögðum fasteignagjöldum af þeim húsa-

kostum sem notaðir eru til ferðaþjónustu, úthlutum byggðakvóta til útgerðaraðila og bændum er greitt framlag sem nemur 15% af kostnaði vegna kaupna þeirra á mjólkur- framleiðslurétti.

Í búsetumálunum voru einnig farnar nokkuð nýjar leiðir, en helsta vandamálið í Súðavík var húsnæðisskortur og er sá vandi enn til staðar. Hér vantar bæði leiguhúsnæði og húsnæði til sölu en vegna þeirrar stöðu var ákveðin og hrint í framkvæmd bygging tveggja einbýlishúsa sem við seldum þegar þau voru á loka- stigi í byggingu.

Þar sem það á almennt ekki að vera í verkahring sveitarfélaga að byggja íbúðarhús til að selja var ákveðið að veita byggingarstyrk sem er til þess hugsaður að taka af þann mun sem því miður er á byggingar- kostnaði og markaðsvirði húsa hér á svæðinu.

Hvað leikskólann varðar þá var tekin ákvörðun um að taka skrefið til fulls og gera hann gjaldfrjálsan. Fyrsta skrefið í þeim efnum var tekið árið 1996 þegar elstu börnum leik- skóla var boðið upp á sam- kennslu með yngstu börnum gunnskóla, foreldrum þeirra að kostnaðarlausu.

Þessir þættir skipta miklu máli fyrir fjölskyldufólk og sér í lagi ungar fjölskyldur, enda hafa viðbrögðin verið mjög góð og þetta skilar sér beint í vasa þeirra í formi hærri ráðstöfunartekna. Þetta eru í meginatriðum lykilkættirnir í því átaki sem við höfum síðastliðið sumar og mun standa fram til ársins 2010.“

Í fararbroddi í ýmsum nýjungum

– Fjölskylduátakið hefur fengið mikil viðbrögð hjá fólki víða um land.

„Það má segja það. Mikil ánægja er um þetta meðal barnafólks hér og einnig hafa verið mikil viðbrögð utan frá. Við höfum fengið mikið af

símtölum og fyrirspurnum alls staðar af landinu frá fjöl- skyldufólki sem hefur verið að leita sér upplýsinga um staðinn og mögulegt leiguhús- næði. Nokkrar nýjar fjölskyldur fluttu til Súðavíkur á árinu og fjölgaði um 10 íbúa í Súðavík sem er um 5% aukning og það verður að teljast bara nokkuð gott.

Hvað húsbýggingar á stað- num varðar hafa viðbrögðin ekki verið eins góð og við hefðum viljað en það ber að hafa í huga að fjölskyldur sem þekkja ekki staðhætti eða hafa ekki tengingu inn á svæðið eru kannski ekki reiðubúnar til að ráðast í húsbýggingu, eðlilegra er að koma fyrst inn á svæðið, leigja sér húsnæði, máta sig inn í samfélagið og taka í framhaldi af því ákvörðun um húsbýggingu. Þannig má segja að aðalmálið hjá okkur sé nú að það vantar leigu- húsnæði fyrst og fremst og til að ráða bót á því erum við að skoða ýmsa möguleika.“

– Súðavíkurbreytingar er fyrsta sveitarfélagið á landinu til þess að bjóða gjaldfrjálsan leikskóla.

„Það hlýtur að teljast nokk- uð merkilegt að þetta litla sam- félag hafi verið fyrst á landinu til að bjóða elstu börnum leik- skóla samkenndu með yngstu börnum Súðavíkurskóla og aftur verður sveitarfélagið fyrst til þess að bjóða upp á gjaldfrjálsan leikskóla. Það má því segja að við höfum verið í fararbroddi í ýmsum nýjungum sem átt hafa sér stað mörgum sveitarfélögum.“

– Hversu miklu máli skiptir það fyrir Súðavíkurbreytingar að fá inn fyrirtæki eins og beitu- verksmiðjuna Aðlöðun?

„Á síðasta ári gjörbreyttist sú mynd sem við höfðum haft af atvinnulífi Súðavíkinga þegar ljóst varð um mánaðar- mótin ágúst-september að ekki var grundvöllur fyrir því að halda áfram rækjuveiðum og vinnslu hjá Frosta hf. vegna verulegra breytinga í rekstrar- umhverfi fyrirtækisins. Um tíu mánuðum áður voru menn bjartsýnir um að reksturinn ætti góða framtíð fyrir sér. Reksturinn fyrir árið 2004 hafði verið gerður upp réttu megin við núllið, ágætis veiði var og ekkert sem gaf til kynna að svo miklar breytingar ættu eftir að eiga sér stað. Því var það mikið áfall að sjá ekki annað í stöðunni en að stöðva reksturinn áður en í öfnu færi. Fyrst bundu menn vonir við að þetta ástand myndi vara í

stuttan tíma og verksmiðjan yrði sett í gang aftur þegar ástandið lagaðist en því miður er langt frá því að ástandið hafi batnað og hverfandi líkur á því að rækjuvinnsla fari af stað í húsnæði Frosta hf í bráð.

Þegar þetta var ljóst breyttust áherslur nokkuð og eru kaup á hlutafé í Aðlöðun hluti af því. Hvað beituverksmiðjuna varðar eru að mínu viti mikil tækifæri bundin í þeirri aðferðarfræði sem fyrirtækið hefur yfir að ráða og hefur verið náð á framleiðslu og sölu á beitunni er ætlunin að nýta þá aðferðarfræði til að þróa aðrar vörur. Í upphafi er stefnt á að beituverksmiðjan geti skapað 5-7 störf til að byrja með, og í því að fá þessa rekstrareiningu inn í húsnæði Frosta hf er fólgin mikil hag- ræðing. Til marga ára hefur aðeins eitt stórt fyrirtæki verið staðsett í húsnæði Frosta hf, í einni atvinnugrein en í lok síð- asta árs gjörbreyttist sú mynd sem við höfðum búið við.

Nú sjáum við fyrir okkur nokkur fyrirtæki í ólíkum rekstri starfa undir sama þaki og samnýta ýmislegt og ná þannig fram ákveðinni hag- ræðingu, hvert og eitt á sinn hátt. T.d. þurfa þau flest á frystigeymslu að halda, eru með sameiginlega starfs- mannaaðstöðu, deila raf- magns- og hitakostnaði og þess háttar og eru á þann hátt að ná fram ákveðinni hag- kvæmni sem kemur þeim öll- um til góða.

Við sjáum fram á að á næstu mánuðum verði fjórar rekstr- areiningar inn í því húsnæði sem rækjuvinnslan var í, þ.e. fyrirtækið Stál og hnífur ehf sem er með vinnslu á afskurði bolfisks, slátrun og vinna við eldisþorsk sem hófst hér í sumar, beituverksmiðjan sem áætlað er að hefji rekstur í byrjun febrúar og niðursuða á þorskalífur sem fyrirhugað er að hefji rekstur á vormánuð- um. Þessar einingar eru í ólík- um rekstri og er ánægjulegt að sjá hversu vel hefur ræst úr atvinnumáli á staðnum.

Ef áætlanir ganga eftir má ætla að í vor verði um 40 störf í húsnæði Frosta hf og er það svipaður fjöldi og var í rækju- verksmiðjunni þegar mest var. Það er mörgum samverk- andi þáttum fyrir að fara að þau fyrirtæki sem hafa hafið og eru að hefja rekstur sinn í Súðavík og skapa störf í stað þeirra sem hafa tapast, ekki síst þeim aðilum sem eru í

forsvari fyrirtækjanna og hafa trú á að hér sé vænlegt að vera með rekstur og bindum við miklar vonir um gott samstarf við þá og að rekstur þeirra megi eflast og styrkjast.

Að vísu hefur komið í ljós að um er að ræða jafn mörg kvennastörf ef borinn er sam- an fjöldi kvennastarfa sem voru við rækjuvinnsluna, en það getur átt eftir að breytast.

Ég á ekki von á að við mun- um beita okkur á jafn mikinn hátt við að fá fyrirtæki inn á svæðið eins og við gerðum með kaupum á hlutafé í beitu- verksmiðjunni og flutning hennar til Súðavíkur. En við munum að sjálfsögðu halda vel á því sem komið er og veita þeim sem hafa hafið þessu sinni í Súðavík þann stuðning sem okkur er unnt.

Við erum einnig langt kom- in með byggingu tveggja 1100 fermetra húsa undir atvinnu- starfsemi á Langeyri og þar bindum við vonir um að fleiri fyrirtæki muni sjá hag sinn í að vera með rekstur og að ný fyrirtæki verði til. Þannig má segja að eins og staðan er núna þá eru atvinnumálin að verða komin í gott horf en eftir stend- ur óleyst mál og það er skortur á íbúðarhúsnæði.

Það er vandamál sem nú blasir við okkur og færri kom- ast að en vilja. Þörfin er til staðar fyrir húsnæði. Fjöls- skyldufólk vill flytja til Súðavíkur en það er þó mun betra viðfangsefni en þegar atvinnu- lífið er slæmt. Við viljum þó að úr húsnæðismálunum ræstist og að þeim sem vilja flytja til Súðavíkur verði það mögulegt en ljóst er að það tekur tíma að leysa úr því máli. “

– Nú hafa sveitarfélögin oft verið að keppast um sömu íbúa og fyrirtæki, hvernig hefur átakinu ykkar verið tekið af sveitarstjórnarmönnum?

Það má segja að einhverjir sveitarstjórnarmenn séu ekki sáttir við þær leiðir sem við höfum valið að fara. Í því sam- bandi er ekki hægt að líta fram hjá því að sveitarfélög eru í samkeppni við hvert annað, hvort sem okkur líkar það betur eða verr og samkeppni er ekki eitthvað vont fyrirbæri sem við eignum að forðast. Ég lít á samkeppni sem heilbrigð- an grundvöll til að gera betur, það skerpir okkur og útkoman verður betra umhverfi fyrir fyrirtæki og íbúa, og það er það sem allt snýst um.

Ég tel að sveitarfélög séu langflest að bera sig saman og finna út hvort þau séu að

fyrir hendi og markmið- ótrúlega orku úr læðingi“



standa sig vel eða geti gert betur á þeim sviðum sem þau starfa á. Hvernig valið fer fram á viðmiðum er misjafnt, hvort það eru sveitarfélög að svipaðri stærð eða hvort þau beri sig saman vegna nálægðar sinnar er misjafnt. Mikilvægt er að staðsetja sig í þessu umhverfi og finna sér syllu, eins og það er kallað, þar sem trú er á því að hægt sé að ná árangri, betri árangri en sá sem miðað er við. Á sama tíma og t.d. höfuðstaður okkar Vestfirðinga, Ísafjarðarbær, hefur verið að einbeita sér að akademísku hliðinni, vinna að því að koma upp Háskóla á Ísafirði, efla rannsóknar- og þróunarstörf, vinna í að fjölga opinberum störfum með flutningi opinberra stofnana til Ísafjarðar o.fl., höfum við í Súðavík verið að einbeita okkur að atvinnulífinu og höfum vegna smæðar okkar náð að beita okkur á tilfinnanlegan hátt á stuttum tíma í að fjölga litlum og meðalstórum fyrirtækjum

á svæðinu.

Öll sveitarfélög eru í samkeppni en staðsetja sig á mismunandi sviðum. Það er hluti af því að vera í sveitarstjórnarmálum.“

Dýnamískt og lifandi samfélag

– Þrátt fyrir að vera lítið samfélag þá er mjög ríkt menningarlíf í Súðavík. Helmingur grunnskólanemanna er í Tónlistarskóla Ísafjarðar, opnaður var fjölskyldugardur í sumar og haldnar eru árlegar hátíðir eins og Listasumar og Bryggjudagar.

„Jú, það má segja að hér á svæðinu búi mikill kraftur og einnig finnst mér tiltrú íbúanna á framtíðina vera mikil. Mikil jákvæðni er ríkjandi og nokkrir einstaklingar hafa sprottið fram á sjónarsviðið sem maður hafði talið rötgrónar húsmæður, og skarað fram úr á ákveðnum sviðum. Það hefur verið mjög gaman að

fylgjast með því og á ég von á því að fleiri slík dæmi eigi eftir að koma fram á sjónarsviðið. Það sýnir hversu dýnamískt og lifandi samfélagið er. Að hafa einstaklinga sem skara fram úr er ómetanlegt í öllum samfélögum og þá sérstaklega litlum stöðum eins og Súðavík. Ef áhuginn, viljinn og markmiðin eru skýr er hægt að leysa alveg ótrúlega orku úr læðingi.“

– Hvað tekur nú við hjá sveitarfélaginu, hvert er næsta skref?

„Árið 2005 var sérstaklega viðburðaríkt fyrir Súðavíkurbæ og mörgum fræjum var sáð. Ég tel að á þessu ári munum við uppskera mikið. Við sjáum fram á bjart útlit í ferðamennsku og þá sérstaklega eru miklar vonir bundnar við sjóstangaveiðiverkefni Fjord Fishing ehf. Fyrir þjónustu fyrirtæki hér mun þetta verða mikil lyftistöng. Sumarbyggð ehf sem hefur frá upphafi nær eingöngu þjónustað Íslend-

inga sem hafa aðallega komið af höfuðborgarsvæðinu í gegnum stéttar- og verkalyðsfélög. Næsta sumar koma um 500 þjóðverjar og njóta gisti- aðstöðu Sumarbyggðar sem er mikil breyting fyrir félagið.

Ég trúi því að Súðavík og nágrannabyggðarlögin eigi eftir að breytast mikið á næstu árum þegar þessi þjónusta fer að festa sig í sessi og fleiri staðir fara að bjóða upp á þjónustu við sjóstangaveiðimenn. Við erum með frábæra vöru sem er umhverfið okkar, fjöllin, sjórinn og allt þar á milli.

Einnig erum við taka í notkunarlagða svæðið fyrir byggingu frístundahúsa og verður það tilbúið á vormánuðum. Húsin undir atvinnustarfsemi á Langeyri verða tilbúin til leigu eða sölu í næsta mánuði og stefnt er að því að borað verði eftir heitu vatni í Álftafirði á komandi sumri.“

– Þannig að framhaldið er bjart?

„Maður getur ekki verið annað en hjartsýnn. Flestir grunnþættir samfélagsins eru í góðum málum og maður getur verið nokkuð sáttur við hvernig hefur spilað úr þeim, þó maður hefði að sjálfsögðu viljað að sumir þættir hefðu farið öðruvísi, eins og rekstrarumhverfi rækjuvinnslunnar. En það verður að líta þannig á að ef ein hurð lokast þá opnast önnur með öðrum tækifærum og þannig finnst mér málefni rækjuvinnslunnar Frosta hf. hafa verið að þróast og getur maður ekki annað en verið þakklátur fyrir hvernig úr því hefur ræst með nýjum fyrirtækjum í ólíkum atvinnugreinum í húsnæði Frosta hf.

Þegar maður lítur á landsbyggðina í heild sinni þá hefði maður viljað sjá hlutina þróast á annan hátt. Það er enn að kvarnast úr sumum byggðum og íbúum fækkar. Ljóst er að Reykjavíkursvæðið er gríðarlegur segull og við erum ekki alveg komin í þá aðstöðu að

geta stillt landsbyggðinni upp sem sambærilegum eða betri valkosti og við verðum að vanda okkur við að gera betur í þeim málum. Ég trúi því að lífsgildi fjölskyldna eigi eftir að breytast á komandi árum, að ákveðin vakning muni eiga sér stað. Þessi hraði og löngun til að vera alltaf þar sem mest er um að vera er að víkja fyrir vilja fólks til að komast í friðsælla umhverfi þar sem það getur hlúð vel að sér og sínum.

Vestfirðir eiga þá að vera búnir að skapa hér þau skilyrði til að geta tekið við þeirri fjölgun. Við þurfum ekki að sjá mörg prósent af höfuðborgarbúum streyma út á landið svo að Vestfirðir geti haldið sínu. Markmiðið er ekki að allt fyllist hér af fólki heldur að geta búið til heil og sterk samfélög sem geta boðið öllum upp á menntun, afþreyingu og atvinnu við hæfi, og það er að langmestu leiti í okkar höndum hvernig til tekst.“, segir Ómar Már. —thelma@bb.is

Smáauglýsingar

Til sölu eru tveir hornsófar, annar ljósbrúnn og hinn með munstruðu tauáklæði. Líta báðir vel út. Fást fyrir sanngjarnt verð. Uppl. í síma 892 1688.

Til sölu er Opel Astra GL 1400 cc, árg. 1996, 4 dyra, beinskíptur með nýrri tímareim. Uppl. í síma 456 5210 og 661 5042.

Til sölu er Toyota HiLux árg. 2001. Er á nýjum Parnelli mikróskornum 38" dekkjum. Ekin 98 þús. km. Segl yfir palli. Nýr krossviður á pallinum. Uppl. gefa Árni eða Björn í sínum 894 4713 og 892 2564.

Til sölu er hreinræktaður Gunnarsholt Scheffer hundur. Er með ættarbók. Eingöngu vant fólk og framtíðarheimili kemur til greina. Verð er samkomulagsatriði. Upplýsingar í síma 845 3786 eða 866 5444.

Til sölu er gamall eðavagn á góðu verði. Um er að ræða aðokkbláan Benz „camar“. Upplýsingar í síma 869 9009.

Töluvert af fatnaði er í óskilum í Tónlistarskólanum á Ísafirði, þ.á.m. ný Colorkids dúnúlpa. Uppl. í síma 456 3925.

Þorrláblót kvenfélagsins Hvatar í Hnífsdal fer fram laugardaginn 4. febrúar. Miðapantanir eru hjá Gyðu í síma 456 3631. Stínu í síma 456 4380. Miðar verða seldir fimmtudaginn 2. febrúar kl. 20 í félagsheimilinu í Hnífsdal.

Óska eftir 31-32" nagladekkjum undir MMC Pajero. Uppl. í síma 846 0480.

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja:
Guðsþjónusta fyrir alla fjölskylduna kl. 11:00 á sunnudag.
Flateyrarkirkja:
Sólgarðsþjónusta fyrir alla fjölskylduna kl. 14:00 á sunnudag. Sólarcaffi kvenfélagsins eftir messu.

Hlutfé aukið

Tillaga um að Súðavíkurhreppur auki hlutfé sitt í Fjord Fishing ehf um tvær og hálf milljón króna var samþykkt á sveitarstjórnarfundum Súðavíkurhrepps í síðustu viku. Heildarhlutfé hreppsins í félaginu verður þá 2,6 milljónir. Tillagan kom frá Guðjóni Kjartanssyni oddvita og var samþykkt samhljóða. – gudrun@bb.is

Elías Jónatansson, verkfræðingur og forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur skrifar

Rannsóknarboranir að hefjast í Óshyrnu



Elías Jónatansson.

miðbæinn á Ísafirði, heldur en Syðridalsgöng. Syðridalsgöng þýða hins vegar 2,3 km styttri leið í Skutulsfjarðarbotn en Hnífsdalsgöng.

Tillögur um endanlega legu jarðganga

Varðandi endanlega staðsetningu og útfærslu jarðganga þá hljóta Bolvíkingar að leggja áherslu á það í fyrst og fremst að öryggi vegfarenda verði tryggt, en þar á eftir að vegalengdir séu sem stýstar. Ekki er að búast við tillögum frá Vegagerðinni um legu jarðganga og útfærslu fyrr en að rannsóknum loknum. Það er síðan á hendi samgönguráðherra að taka endanlega ákvörðun, sem að líkindum mun einnig taka mið af hagkvæmni, án þess að öryggi sé fórnað.

Bolungarvík 17. janúar 2006, Elías Jónatansson, verkfræðingur og forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur.

Nú styttesti óðum í að rannsóknarboranir vegna jarðganga um Óshlíð hefjast. Ákveðið hefur verið að framfari boranir vegna bæði fyrsta og annars áfanga jarðganga. Óshlíðin liggur sem kunnugt er undir þremur fjöllum, Óshyrnu, Arafjalli og Búðarhrynu. Á haustdögum var tekin ákvörðun í ríkisstjórn um jarðgangagerð um Óshlíð í kjölfar verulega aukins grjóthruns á hlíðinni og hefur þegar verið ákveðið að veita til verkisins einum milljarði króna. Þessi ákvörðun er þakkarverð og mikilvæg Vestfirðingum í baráttu sinni fyrir bættum samgöngum. Samgönguráðherra leggur hins vegar á það áherslu að hafa í höndum niðurstöður rækilegra rannsókna, áður en tekin er endanleg ákvörðun um varanlega og fullnægjandi lausn í samgöngum við Bolungarvík.

Hættumat

Harpa Grímsdóttir, forstöðumaður snjóflóðaseturs á Ísafirði hefur unnið skýrslu sem metur áhættu vegfarenda um Óshlíð og fleiri hlíðar í grennd við Ísafjörð út frá árlegum dánarlíkum einstaklinga sem fara leiðina tvisvar á dag. Niðurstaðan er eftirfarandi:

- 45 % hættunnar stafa af grjóthrunshættu.
- 29% hættunnar stafa af hættu á framhlaupi úr Óshyrnu (vegna “lifandi sprungu” efst í fjallinu.
- 26% hættunnar stafa frá snjóflóðum.

Þá kemur einnig fram að:

- 58% af hættunni er undir Óshyrnu
- 34% af hættunni er undir Arafjalli
- 8% af hættunni er undir Búðarhrynu

Þessar niðurstöður styðja mjög þá stefnu að ef jarðgöngum er forgangsraðað, þá skuli byrjað á að fara undir Óshyrnu. Jafn augljóst er að hættan annarsstaðar er umtalsverð og kallar á aðgerðir hið fyrsta. Hagkvæmnisjónarmið getu enn fremur hvatt til þess að farið yrði í meiri framkvæmdir strax, en gera má ráð fyrir t.d. að heil göng undir Óshyrnu og Arafjall, í Seljadal, styttri leiðina til Ísafjarðar um tæpan einn km, sem hefur áhrif á arðsemi.

Preföldun grjóthruns

Grjóthrun á árinu 2005 var lang mest undir Óshyrnu af fjöllum þremur, eða 90% af öllu grjóthruni það árið. Enn fremur voru grjóthrunstíllin undir Óshyrnu þrisvar sinnum fleiri en meðaltal næstu sjö ára á undan. Augljós hætta undir Arafjalli hvetur til þess að næsti áfangi verði tímasettur sem allra fyrst.

Lega jarðganga – umræður um valkosti

Á fjölmönnum fundi um samgöngumál á milli byggðarlagu við Ísafjarðardjúp, sem haldinn var í Bolungarvík 14. janúar sl. var afhentur undirskriftarlisti sem 1.400 manns hafa ritað undir, en þar er m.a. skorað á samgöngufyrirvöld að

tengja Bolungarvík við Vestfjarðagöng sem liggja undir Breiðadal- og Botnsheiði, með jarðgöngum. Undirritaður sá sér ekki fært að undirrita þann lista. Aðalástæðan er sú að ef farin væri sú leið, þá myndi vegalengdin í miðbæ Ísafjarðar lengjast úr 13 km í 20 km eða um 50%, sem þýddi m.v. umferð um Óshlíð í dag, líklega ríflega milljón auka-km á ári með tug milljóna kostnaði. Óhætt er að fullyrða að miðað við viðbrögðin á ofangreindum fundi, þá sé ekki fylgi við þá hugmynd að fara með jarðgöng úr Syðridal í Vestfjarðagöng, en enginn fundarmanna stóð upp á fundinum og talaði fyrir þeirri leið. Enginn framsgömmanna gerði það heldur

Ýtt á jarðgöng fremur en leiðarval

Bent hefur verið réttilega á að fólk hafi skrifað á undirskriftarlistann til að styðja jarðgangagerð en ekki endilega verið að velja þeim leið, enda sé það sérfræðinga að gera tillögur að leiðarvali. Þetta hefur undirritaður sann-

reynt hjá mörgum sem á listann rituðu.

Vegalengdir og kostnaður

Á framangreindum fundi reifaði Gísli Eiríksson, umdæmisstjóri Vegagerðarinnar á Ísafirði, nokkrar hugmyndir um legu jarðganga frá Bolungarvík. M.a. hugmynd um göng úr Syðridal yfir í Tungudal á Ísafirði. Áætlaður kostnaður er um 4,7 milljarðar. Vegalengd í miðbæ Ísafjarðar yrði þá 14,4 km, eða lenging um 1,3 km, en vegalengd í botn Skutulsfjarðar 12,2 km samantörvið við 16 km í dag.

Tvenn göng um Óshlíð, sem eru til skoðunar eru áætluð kosta u.þ.b. 2,3 milljarða. Þau myndu þýða óbreyttar vegalengdir m.v. það sem þær eru í dag.

Líklega er þó stysta leið í miðbæ Ísafjarðar um 5,3 km löng göng frá Bolungarvík í Hnífsdal, en leiðin í miðbæinn yrði þá um 11,5 km og 14,5 km í botn Skutulsfjarðar. Ætla má að kostnaður yrði 3,6-3,7 milljarðar. Hnífsdalsgöng þýða því 3 km styttri leið í



Horft niður á Óshlíðarveg.

STAKKUR SKRIFAR

Samgöngur og samfélag

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Við höfum verið minnt á, eins og oft áður á vetrum, að samgöngur eru líffæð samfélagsins. Framþróun þess byggir á því að samskipti fólks séu greið og um leið auðveld. Nú eru samgöngur á Íslandi að grunni til tvíþættar. Annars vegar eru vegir á landi. Mikilvægi þeirra eykst óðum, ekki síst vegna þess að siglingar með ströndinni hafa nánast horfið. Skip flytja ekki lengur vörur milli staða á Íslandi. Hinn grunnþátturinn er flugið, samgöngur í lofti. Segja má að þótt þar blási byrlegar en á sjónum, séu þær vart svipur hjá sjón, ef litið er aftur um nokkur ár.

Stöðugt vaxa kröfur til skilvirkni opinberrar þjónustu. Nægir að nefna tillögur um að sameina lögreglu á Vestfjörðum undir eina stjórn. Þar með verður eitt lögreglulið til úr fjórum og lögreglustjóri einn á Ísafirði í stað fjögurra áður. Áður sátu þeir í Bolungarvík, á Patreksfirði og á Hólmavík. Sýslumenn þar munu láta af lögreglustjórn gangi tillögur þar að lútandi eftir. Til þess að skilvirkni verði full er ljóst að samgöngur þurfa að vera góðar. Þannig nýtist lögreglulið á Vestfjörðum betur en ella. Sama er uppi á teningnum er kemur að því að sameina stjórnsýslu sveitarfélaga.

Miðað hefur í áttina. Nú beinast augu okkar að úrbótum á Óshlíð og til Súðavíkur. Báðar leiðirnar eru mörgum þyrnir í augum vegna ofanfalls, bæði grjóts og snævar. Vegurinn um Ísafjarðardjúp hefur tekið stórstígm

framförum, en þegar við erum góðu vön viljum við aðeins það besta. Jarðgöng eru krafa nútímans á Vestfjörðum. Þau eru dýr og óskinnar sem hæst ber nú eru ekki á áætlun. Að auki keppa Vestfirðir við önnur héruð. Þar ber hæst Reykjavík, sem býr við ofhlaðnar götur á álagstíma, síðan koma Suðurland, Suðurnes, Vesturland og nú vilja margir heilsársveg yfir Kjöl. Kröfur og óskir eru endalausar og þeim sem raða í forgang er vandi á höndum.

Hver er staða Vestfirðinga? Sennilega er hún ekki eins sterk og mörg okkar vilja. Útgerð og fiskvinnsla hefur dregist saman og skapa ekki lengur stærsta hlut tekna af útflutningi. Hitt er staðreynd að hafi alþingismenn vilja til að halda Íslandi í byggð er deginum ljósara að skapa þarf aðstæður sem gera það kleift og veita íbúum landsins alls möguleika til að búa þar sem þeir æskja.

Næstu skref hljóta að kalla á algera uppstokkun vegagerðar og nýja hugsun, þar sem saman fer vandleg úttekt á byggð og möguleikum afskekktari héraða til þess að sækja fram. Samgönguráðherra ætti að kalla saman ýmsa þá er koma að stjórnmálum og stjórnsýslu ríkis og sveitar, auk sérfræðinga og leggjast í hringferð til þess að ræða nýjar leiðir í samgöngum. Því víðtækari þátttaka, því meiri líkur á skynsamri niðurstöðu.

Ísafjarðarbær hefur rekstur upplýsingamiðstöðvar

Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar samþykkti nýverið tillögu um næstu skref uppbyggingar upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Ísafirði. Formaður nefndarinnar setti fram tillöguna í framhaldi af uppsögn samnings við Vesturferðir um rekstur upplýsingamiðstöðvar, en uppsögnin tók gildi nú í janúar. Tillagan hljóðar á um að Ísafjarðarbær hefji rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamála í samráði við Ferðamálaráð Íslands og að hún verði áfram landshlutamiðstöð á Vestfjörðum. Lokið verði samningum við Edinborgarhúsið hf. varðandi húsnæði fyrir miðstöðina og

gerð verði starfslýsing og auglýst eftir forstöðumanni sem fyrst og stefnt að því að miðstöðin taki til starfa á komandi vori. Þá á að leita eftir samningum við Vesturferðir hf. um að sinna starfsemi upplýsingamiðstöðvar tímabundið til maí loka á þessu ári og kanna hvaða verkefni miðstöðin getur tekið að sér fyrir Ísafjarðarbæ og hver þátttaka ferðapjóna yrði. Eins og áður sagði var tillagan samþykkt af atvinnumálanefnd og fól bæjarráð bæjarstjóra að vinna að málinu í samræmi við bókun atvinnumálanefndar og umræður í bæjarráði. – *gudrun@bb.is*



Upplýsingamiðstöð ferðamála hefur undanfarin ár verið til húsa í Edinborgarhúsinu.

Fagna auknu fjármagni

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fagnar því að ákveðið hefur verið að ráðstafa auknum fjármunum í samgöngumál á Vestfjörðum. Þá fagnar stjórnin annars vegar ákvörðun ríkisstjórnar að ráðstafa hluta af söluandvirði Símans til brýnna vegaframkvæmda á Vestfjörðum. Hæst beri vegur um Arnkötludal ásamt endurbótum á Vestfjarðavegi auk þess sem framlög úr nýstofnuðum Fjarškiptasjóði munu auka öryggi vegfarenda. Hins vegar fagnar FSV samþykkt ríkisstjórnar á ríkisstjórnarfundum að fela Vegagerðinni að hefja rannsóknir nú þegar rannsóknir og athuganir sem miða að því að hægt sé að hefjast handa um jarðgangnagerð um Öshlíð á þessu ári.

Harðfisksal- an gengur vel

Janúar er toppmánuður í harðfisksölu að sögn Guðrúnar Pálsdóttur á Flateyri. Guðrún rekur ásamt manni sínum Einari Guðbjartssyni Harðfiskverkun E.G. „Þetta er lítið fjölskyldufyrirtæki og við gerum allt sjálf. Við eigum báttinn Blossa ÍS og Birkir sonur okkar er skipstjóri á honum. Þannig að við veiðum fiskinn sjálf, verum hann og seljum“, segir Guðrún. Hún segir svipað magn af ýsu og steinbít seljast yfir árið en ýsan sé þó vinsælli á þorranum. Einnig sé það misjafnt eftir landshlutum hvor tegundin er vinsælli.

Taka vel í milljón króna styrk

Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur tekið vel í umsókn Félags áhugamanna um víkingaverkefni á söguslóðum Gísla Súrssonar um einnar milljón króna styrk til áframhaldandi framkvæmda á vegum félagsins á Oddanum á Pingeyri. Þá tók nefndin fram að hún óskaði eftir greinargerð um framgang verkefnisins, aðra styrki á þessu ári og fleira. Verkefninu hafa þegar verið tryggðar 5 milljónir króna frá fjárlaganefnd Alþingis.

Enginn biðlisti

Engin börn eldri en tveggja ára eru nú á biðlista á leikskóla Bolungarvíkur. Leikskólinn er fyrir börn tveggja ára og eldri og er nýbúið að taka inn fjögur börn fædd 2004. Að sögn Ragnheiðar Ragnarsdóttur leikskólustjóra hafa umsóknir verið lagðar inn fyrir tólf börn yngri en tveggja ára en þar sem þau eru undir aldurstakmarkinu þá sé ekki hægt að tala um virkan biðlista.

Grunnskólinn í Bolungarvík og leikskólinn

Samstarfið gengur vel

Í vetur hefur verið samstarf á milli grunnskólans og leikskólans í Bolungarvík um kennslu fimm ára barna. Að sögn Kristínar Óskar Jónsdóttur skólustjóra hefur samstarfið gengið mjög vel og allt eftir áætlun. Börnin hafa mætt í skólann þrjá morgna í viku í tvær kennslustundir í senn og segir Kristín að það hafi sýnt

sig að þau ná góðum tökum á því sem þau eru að gera þar. Samstarfið var endurskoðað um áramótin og samþykkt var að halda því áfram og áformað að auka það þegar líður á vorið og lengja þá tíma barnanna í skólanum með áherslu á verkgreinar og íþróttir.

Þá var einnig samþykkt að Kristín og Ragnheiður Ragn-

arsdóttir leikskólustjóri muni kanna möguleika á áframhaldandi samstarfi veturinn 2006-2007. Kristín segir að áherslurnar næsta vetur verði þó eitt hvað breyttar þar sem að aðstæður nú í vetur hafi verið sérstakar því aðeins fimm börn eru í fimm ára árganginum nú en næsti árgangur verður fjölmennari.

– *gudrun@bb.is*



Samstarf grunnskólans og leikskólans í Bolungarvík gengur vel.

Hafna umsókn um styrk til útgáfu bókar um sögu handknattleiks

Ísafjarðarbær hefur hafnað umsókn Handknattleikssambands Íslands um 300 þúsund króna styrk til að gefa út bók um sögu handknattleiksíþróttarinnar á Íslandi í tilefni af hálftrar aldar afmæli sambandsins, sem rennur upp árið 2007. Í bréfi sambandsins til bæjaryfirvalda segir meðal annars:

„Áformað er að hafa ritverkið eins veglegt og framast

er kostur og áætlað að bókinn verði um 400 blaðsíður, mikið myndskreytt. Í henni verður rakin saga handknattleiksíþróttarinnar frá því að hún nam land á Íslandi fram til afmælisársins, fjallað um Íslandsmót karla og kvenna, þátttöku Íslendinga í alþjóðlegum keppnum karla og kvenna, kaflir verður um afreksfólk í íþróttinni og annað starf sem tengist handknatt-

leikum, svo nokkuð af því sem ætlunin er að fjalla um sé nefnt.“

Óskað var eftir því að styrkurinn yrði greiddur í tvennu lagi, og bæjarfélaginu lofað 25 eintökum af bókinni til frjálstrar ráðstöfunar fengist styrkurinn, en bæjarráð Ísafjarðarbæjar taldi sér ekki fært að verða við erindinu, eins og áður sagði.

– *eirikur@bb.is*



Suðureyri.

Söfnuðu 1,8 millj. króna fyrir líkamsræktartækjum

Áhugamannahópur safnaði 1,8 milljónum króna til kaupa á líkamsræktartækjum í íþróttahúsið á Suðureyri. „Söfnunin stóð yfir í um tvo mánuði og við leituðum til fyrirtækja á staðnum og starfsmanna þeirra. Ég held að líkamsræktartækin hefðu ekki komið á neinn annan hátt en að við myndum standa fyrir því sjálf“, segir Einar Ómarsson einn þeirra sem stóð fyrir

söfnuninni. Búið er að koma hluta af tækjunum upp og að sögn Einars hafa þau fengið góð viðbrögð.

„Þau hafa verið vel notuð síðan þau voru sett upp. Ég held að fólk sé bara ánægt með þetta“, segir Einar. Meðal annars er nú til staðar í íþróttahúsinu spinninghjól, lóðasett og tvö hlaupabretti. Þá er verið að vinna að drögum að samningi milli Ísafjarðarbæjar og

íþróttafélagsins Stefnis á Suðureyri um rekstur líkamsræktartækjanna.

Eins og kunnugt er var íþróttahúsið nýlega tekið í notkun en Súgufirðingar hafa beðið eftir almennilegri með þetta“, segir Einar. Meðal annars er nú til staðar í íþróttahúsinu spinninghjól, lóðasett og tvö hlaupabretti. Þá er verið að vinna að drögum að samningi milli Ísafjarðarbæjar og

– *thelma@bb.is*

Hreinsun jarðarinnar að Garðstöðum í Ísafjarðardjúpi

Tilboði Furu tekið

Þrjú tilboð bárust í hreinsun jarðarinnar á Garðstöðum í Ísafjarðardjúpi og átti fyrir- tekið Fura lægsta tilboðið, eða 622.500 kr., og var því tekið á fundi sveitarstjórnar í Súðavík- vikur í síðustu viku. Einnig hafa verið samþykkt drög að samkomulagi við Þorbjörn Steingrímsson, landeiganda að Garðstöðum, um fyrir- komulag hreinsunarinnar þar sem hann tekur að sér frágang og flutning á brotajárni og öðru sem tekið verður af jörð- inni í Holtasund, en þar verður brotajárnið pressað og flutt burt til endurvinnslu.

Þá var samþykkt að greiða

landeiganda 1 krónu auk virðisaukaskatts fyrir hvert kg. af brotajárni sem flutt verður í Holtasund. Gert er ráð fyrir því í drögnum að 400 bílar og tæki verði flutt af jörðinni og til endurvinnslu og því verki verði lokið fyrir 15. maí í vor. Þá er gert ráð fyrir því að járníð úr tækjunum og bílun- um verði allt komið í endur- vinnslu fyrir 15. júní.

Eins og kunnugt er hefur Þorbjörn Steingrímsson safnað bifreiðum síðastliðin ár og komið þeim fyrir við bæinn Garðstaði í Ögurvík við Ísa- fjarðardjúp. Söfnunin fór hægt af stað en nú er svo kom-

ið að safnið telur hundruð öku- tækja af öllum stærðum og gerðum. Þarna er um að ræða fólksbifreiðar í hundraðatali en einnig vörubifreiðar, vinnuvélar og hópferðabif- reiðar svo eitthvað sé nefnt. Sem vonlegt er hefur safn þetta vakið athygli þeirra sem leið eiga um Ísafjarðardjúp. Gildir þá einu hvort um er að ræða umferð í lofti, láði eða legi, svo stórt er safnið orðið.

Snemma á þessu ári tók bygginganefnd Súðavíkur- hrepps fyrir erindi frá Þorbirni Steingrímssyni, landeiganda á Garðstöðum, þar sem sótt var um leyfi til reksturs bílaparta-



Garðstaðir í Ögurhreppi í Ísafjarðardjúpi.

sölu á jörðinni. Nefndin vísaði málinu til sveitarstjórnar og sagðist ekki geta tekið afstöðu til erindisins þar sem starf- semin samræmist ekki aðal- skipulagi. Í sveitarstjórn var

tekið á málinu með því að leggja fram breytingatillögur á aðalskipulagi þess efnis að skilgreina lítinn hluta jarðar- innar sem athafna- og iðnað- arsvæði með þeim skilyrðum

sem gilda um slíka starfsemi. Í framhaldi af álitserðum Andra Árnasonar lögmanns hreppsins um þessa breytingu á aðalskipulagi var svo ákveð- ið að falla frá samþykktinni.



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

Ekki greiddir reikningar vegna viðbótarhugbúnaðar

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur tekið fyrir bréf frá Netos ehf., stílað á Halldór Halldórsson bæjarstjóra, vegna skulda bæjarins við fyrirtækið, en í byrjun árs 2002 var gerður samningur á milli Netos ehf. og Ísafjarðarbæjar um keyrslu á tölvukerfi og hýsingu á hug- búnaði. Í samningnum var til- tekin greiðsla fyrir ákveðinn

fjöldi notenda fyrir hýsingu á ákveðnum hugbúnaði, og er einnig í samningnum ákvæði um greiðslur fyrir viðbótar- hugbúnað sem kann að bætast við á samningstímanum.

Í upphafi síðasta árs sendi Netos ehf. reikninga til Ísa- fjarðarbæjar fyrir þessum við- bótarhugbúnaði, en reikning- arnir fengust ekki greiddir. Þá

segir í bréfinu: „Netos ehf. mun héðan í frá senda reikn- inga fyrir viðbótum þessum, og vonast undirritaður eftir því að þú munir ganga á eftir því að þeir verði greiddir eins og samið var um. Eftir samantekt á mismuni á umsömdum greiðslum og greiddum, er ljóst að Netos ehf. hefur orðið fyrir töluverðu fjárhagstjóni

vegna þessa, þó aðallega á árinu 2005. Netos ehf. óskar hér með eftir viðræðum um greiðslur á mismuninum fyrir árið 2005.“

Undir bréfið skrifar Þórólf- ur Halldórsson, fyrir hönd Netos ehf. Bæjarráð tók bréfið fyrir og fól bæjarstjóra að ganga til viðræðna við bréf- ritara. – eirikur@bb.is



Landsbanki Íslands á Ísafirði

Afgreiðslustöð í Neista lokað

Afgreiðslustöð Lands- bankans í verslunarmiðstöð- inni Neista lokaði um ára- mótin, en hún hafði verið starfrækt frá því í lok árs 2003. Að sögn Ingu Karls- dóttur, útibússtjóra Lands- bankans á Ísafirði, telur bankinn að rýmið muni nýt- ast betur undir aðra starfsemi en rekstur afgreiðslustöðvar.

„Í raun finnst okkur að rýmið geti nýst betur í annað. Við viljum einbeita okkur að bankaútibúinu og efla það“, segir Inga. „Síðastliðið ár var opið í starfstöðinni í tvo tíma á fimmtudögum og föstudögum, en í útibúinu er opið frá 9.15 til 16 alla virka

vika daga.“ Þá segir Inga að bankinn ætli ekki að selja rými sitt í Neista heldur leigja það út, en ekki hafi verið gengið frá neinum samningum um það.

Á forsíðu síðasta tölu- blaðs BB birtist röng aug- lýsing, vegna mannglegra mistaka við frágang blaðs- ins, þess efnis að afgreiðslan í Neista yrði opin. Svo er auðvitað ekki, en þess ber þó að geta að hraðbanki Landsbankans í Neista er enn opin á opnunartíma Neista auk þess sem þjón- ustuver bankans er opið frá 8-21 alla virka daga í síma 410-4000. – eirikur@bb.is

Sjóður sem fjármagnar nýsköpunarverkefni

Kynningarfundur í Próunarsetrinu

Kynningarfundur um svo- kallaðan Tækniþróunarsjóð verður haldinn í Próunarsetri Vestfjarða kl. 13 þriðjudaginn 31. janúar. Á fundinum, sem er ætlaður væntanlegum um- sækjendum sjóðsins, mun Snæbjörn Kristinnsson verk- fræðingur kynna Tækniþróun- arsjóð auk þess sem hann mun fjalla lítillega um Rannsókn- arnámssjóð.

Tækniþróunarsjóður er sér-

stakur sjóður sem fjármagnar nýsköpunarverkefni. Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunar- starf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að ný- sköpun í íslensku atvinnulífi.

Umsóknarfrestur í sjóðinn er til 15. febrúar. Því má bæta við að umsóknarfrestur í Rannsóknarnámssjóðinn er 1. mars. Opið verður fyrir um- ræður og fyrirspurnir að kynn- ingu lokinni. – thelma@bb.is



Próunarsetur Vestfjarða.

Gistiheimili Ás- laugar hættir

Áslaug J. Jensdóttir hefur ákveðið að hætta rekstri Gistiheimilis Áslaugar á Ísa- firði. „Ég hef ákveðið að hætta rekstri gistiheimilisins sem ég hóf rekstur á sumarið 1989 og um leið þakka við- skipti og samskipti s.l. sextán og hálft ár“, segir í tilkynn- ingu frá Áslaugu.

Hún hefur ekki í hyggju að selja reksturinn og verður

gistiheimilið því lagt af en það hefur frá upphafi verið til húsa að Austurvegi 7. Um árabíl rak Áslaug einnig veitinga- og kaffihús í Fakt- orshúsinu í Hæstakaupstað sem hún og maðurinn henn- ar gerðu upp. Nýir aðilar tóku á leigu veitingarekstur hússins fyrir rúmu ári. Fakt- orshúsið er við hliðina á gistiheimilinu. – thelma@bb.is

Bíósókn árið 2004 aðeins 46% af því sem hún var árið 2000

Er ólöglegu niðurhali á bíómyndum um að kenna?

Árið 2004 voru seldir 4.568 miðar í þau tvö kvikmyndahús sem á Vestfjörðum eru, það er Ísafjarðarbíó og Skjaldborgarbíó á Patreksfirði. Þetta eru ekki nema 46% af þeim miðum sem seldir voru í sömu bíóum árið 2000, en þá seldust 9.922 bíómiðar. Þá fækkaði sýningum einnig úr fimm á viku í þrjár á viku á þessum árum og sætum fækkaði úr 360 í 356.

Aðsókn miðað við íbúa var 1,2% árið 2000, en 0,6% árið 2004, á miðað við 5,5% á landsvísi árið 2000, og 4,8% árið 2004. Á meðan bíósókn dróst saman um 54% á Vest-



Ísafjarðarbíó.

fjörðum dróst hún einungis saman um rétt rúm 10% á landsvísi. Víkulegum bíósýningum á Vestfjörðum fækkaði um 40%, úr fimm í þrjár, en á

landsvísu fækkaði þeim um 5,3% eða úr 810 í 775. Fjöldi sýningarsala hefur staðið í stað á Vestfjörðum, en fækkar um 2 á landinu öllu, úr 47 í 45.

Megnið af allri bíósókn fer fram á höfuðborgarsvæðinu, eða ríflega 88% árið 2004, og var litlu lægri prósentu árið 2000. Ýmsar kenningar hafa verið uppi um minnkandi bíósókn á síðastliðnum árum og segja háværustu raddirnar að ólöglegu niðurhali á bíómyndum af internetinu sé um að kenna, auk fullkomnari heimabíókerfa en áður þekktust. Þá hafa menn einnig bent á að kannski sé stórum Holly-wood-myndum að fjölga of hratt, og hver og ein þeirra fái of litla athygli, sem aftur valdi samanlagðri minni aðsókn en áður.

– eirikur@bb.is

Örn Torfason sjóntækjafræðingur

Ánægður með rýmra leyfi

Örn Torfason sjóntækjafræðingur í Gullauga á Ísa-firði hefur nú leyfi til að útbúa endurgreiðslubeiðni fyrir unglinga 12-18 ára vegna sjónglerja. Breytingar á reglugerð um endurgreiðslu sjónglerja tók gildi þann 1. janúar síðastliðinn. Fyrir breytingarnar fengu aðeins börn upp að 16 ára aldri endurgreiðslu en aldurinn hefur nú verið hækkaður í 18 ár.

„Ég er mjög ánægður með þessar breytingar og held að þær komi sér vel hér á Ísa-firði. Áður voru það ein-göngu augnlæknar sem

máttu fylla út endurgreiðslubeiðni fyrir þennan aldurshóp og þar sem að enginn starfandi augnlæknir er hér í bænum að staðaldrí þá eykur þetta vissulega þjónustuna við þennan hóp“.

Endurgreiðslan hefur einnig hækkað og er nú um helmingur af kostnaði sjónglerja. Með endurgreiðslubeiðni fyrir 12-18 ára verða að fylgja útskýringar gleraugnanotkunar, þ.e. sjúkdómsgreining, og styrkleiki glerja.

– gudrun@bb.is



Bæjarráð hefur endurskoðað vinnureglur sínar um birtingu fundargerða nefnda.

Breyttar vinnureglur um birtingu fundargerða

Á síðasta fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar var samþykkt að endurskoða vinnureglur um birtingu fundargerða nefnda, en hingað til hafa þær ekki verið settar á netið né afhentar fjölmiðlum fyrr en fjallað hefur verið um þær í bæjarráði. Í bréfi sem Halldór Halldórsson skrifar bæjarráði segir meðal annars:

„Undirritaður telur tíma-bært að breyta vinnureglu varðandi afhendingu fundargerða og birta þær jafnóðum á vef bæjarins með fyrirvara um að eftir sé að fjalla um þær í

bæjarráði/bæjarstjórn. Upp-lýsingalög gera ráð fyrir því að fundargerðir séu opinberar eftir að fundi lýkur. Hið sama gildir ekki um gögn sem leggja skal fyrir því eðlilega þarf að fjalla um þau áður en þau eru gerð opinber. Undantekningar eru frá þessu þegar sendandi bréfs sendir afrit til annarra og gerir málið þar með opinbert.“

Samkvæmt upplýsingalög-um er stjórnvöldum skylt að veita almenningi aðgang að öllum skjölum er mál varða, þar með töldum endurritum

af bréfum sem stjórnvald hefur sent, enda megi ætla að þau hafi borist viðtakanda, öllum öðrum gögnum sem mál varða, svo sem teikningum, uppdráttum, kortum, myndum, örfilmum og gögnum sem vistuð eru í tölvu, auk dag-bókarfærslna sem lúta að gögnum málsins og lista yfir málsgögn. Á þessu eru þó nokkrar undantekningar í lög- unum, meðal annars vegna al-mannahagsmuna. Upplýs-ingalögin má nálgast á vef al-þingis.

– eirikur@bb.is

Kauptilboði í Baldur tekið

Kauptilboði sem barst í Breiðafjarðarferjuna Baldur hefur verið tekið og ef að lík- um lætur kemur ný, stærri og hraðskreiðari ferja í hennar stað í marslok. Ný ferja getur flutt allt að 50 bíla og 300 farþega en Baldur tekur 19 bíla og 200 farþega. Einnig má búast við að ferðatíminn á milli Stykkishólms og Brjánslækjar styttesti úr þremur klst. í

tvær með tilkomu nýrrar ferju. Með kaupum á stærri og hraðskreiðari ferju er leitað leiða til þess að tryggja ferju-samgöngur um Breiðafjörð þegar og ef styrkur samkvæmt vegalögum fellur niður með tilkomu heilsársvegar. Samkvæmt nágildandi samningi um rekstur ferjunnar munu styrkir til hennar leggjast af á næstu fimm árum og árið 2010

er einungis gert ráð fyrir styrkjum til að þjóna byggð í Flatey.

Að sögn Péturs Ágústssonar framkvæmdarstjóra Sæferða, sem reka ferjuna, er það finnskt fyrirtæki sem á tilboðið sem var tekið og mun end-anleg niðurstaða um sölu Baldurs og kaup á nýrri ferju liggja fyrir um næstu mánaðar-mót.

– gudrun@bb.is

Björgmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ágústs & Flosa ehf.,

Kaupir tvö fyrirtæki á Austfjörðum

Björgmundur Guðmunds-son, framkvæmdastjóri á Ísa-firði hefur fest kaup í tveimur fyrirtækjum á Austfjörðum, verktakafyrirtækinu Dúkás á Egilsstöðum og gistihúsinu Tærgesen á Reyðarfirði.

„Kaupin hafa verið í undir-búningi í nokkra mánuði og

við skrifuðum undir samninga fyrir stuttu. Þetta byrjaði á því að ég var að bjóða eigenda verktakafyrirtækisins mann-skap. Þegar hann vildi selja sló ég til. Síðar kom í ljós að hann átti mun meira en bara verktakafyrirtækið og það leiddi til þess að kaupin urðu

umfangsmeiri en ætlunin var í byrjun“, segir Björgmundur.

„Ég er búinn að hitta starfs-fólkið og list bara mjög vel á“, segir Björgmundur. Hann segir að ein af ástæðunum fyrir því að hann sækir viðskipti austur sé sú að konan hans sé að austan. – thelma@bb.is

Fasteignasala
Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!

2ja herbergja íbúðir:
Hlíf 2 – íbúð 207: 54 m² íbúð á 2.hæð ásamt geymslu í sameign, íbúðin snýr að Selja-landsvegi. Verð 6,5 m.kr.
Fjarðarstræti 2: 84 m² íbúð á 3.hæð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu í sameign.
Verð 5,5 m.kr.
Bolungarvík:
Hafnargata 14: er nánar tiltekið 231,9 m² atvinnuhúsnæði á einni hæð, byggt úr stálgrind og klætt að utan með stálklæðningu.
Verð 5,5 m.kr.

Urðarvegur 45: 133 m² fjög-urra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýli með bílskúr. Verð 10,5 m.kr.
Hafnarstræti 14 – 2.hæð: 97m² nýleg íbúð í þrívílishúsi ásamt 11 m² geymslu, íbúðin er í miðbæ Ísafjarðar.
Verð 9,5 m.kr.

3ja herbergja íbúðir:
Hlíf 2 – íbúð 210: Ein af stóru íbúðunum á Hlíf 2, samtals 72 m² með geymslu í sameign.
Verð 8,9 m.kr.
Stórholt 11: 70 m² íbúð á 2.hæð fyrir miðju ásamt geymslu í sameign í fjölbýlishúsi.
Verð 4,5 m.kr.
Sólgata 8: 68 m² íbúð á neðri hæð í þrívílishúsi. Áhv. ca. 4 m.kr. Verð 5,0 m.kr.

Verð 10,0 ATH ca. 9,2 m.kr. áhvílandi, litil útborgun.
Vitastígur 1: Fullbúinn 243 m² veitingastaður á neðri hæð og 291 m² gistiheimili á efri hæð. Tilboð óskast.
Árbæjarkantur 3: 1003 m² stórt atvinnuhúsnæði, með eigninni getur fylgt vönduð fiskiflokkunarvél. Einnig kemur til greina að selja eignina í smærri einingum.
Verð 20 m.kr.
Suðureyri:
Eyrargata 7: 213 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara.
Verð 6,0 m.kr.
Sætún 1: 190 m² einbýlishús á einni hæð með bílskúr. Tilboð óskast
Flateyri:
Drafnargata 13: 130 m² steinsteypt raðhús á einni hæð, fjögur svefnherbergi.
Verð 7,0 m.kr.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar:



Vel heppnað Sunnukórsball

Mikið fjör var á árlegum dansleik Sunnukórsins á Ísafirði sem haldinn var í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardag að sögn Jens Kristmannssonar formanns skemmtinefndar. „Þetta var stórfínt ball og allt gekk alveg ágætlega.

Mæting var nokkuð góð eða svipuð og undanfarin ár“, segir Jens. Dansleikurinn fór fram með glæsibrag eins og venjulega og var vegleg dagskrá í boði þar sem tónlist var í hávegum höfð. Hápunktur kvöldsins var svo þegar

Sunnukórinn söng fyrir viðstadda. Veislustjórn var í höndum Helgu Guðnýjar Kristjánsdóttur og matreiðslumeistarar frá SKG veitingum töfruðu fram snittur og hinar ómissandi Sunnukórspönnukökur. Að loknu borðhaldi stóðu

Baldur og Margrét fyrir dunandi danssveiflu fram á nótt. Þetta var í 72. sinn sem Sunnukórsballið var haldið. Meðfylgjandi myndir voru teknar á ballinu. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is innan tíðar.



mannlíf

Ábendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn
25. janúar, 25. dagur ársins 2006

Pennan dag árið 1732 féll snjóflóð á bæinn Brimnes við Seyðisfjörð. Níu manns fórust en jafn margir komust lífs af. Veturinn var mjög snjópungur og sumstaðar nefndur Brimnesvetur.

Pennan dag árið 1952 lést Sveinn Björnsson, 70 ára. Hann var sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn í nær tvo áratugi, og kjörinn ríkisstjóri Íslands 1941. Þegar lýðveldið var stofnað, 17. júní 1944, var Sveinn kosinn fyrsti forseti Íslands á Alþingi og tvisvar þjóðkjörinn.

Pennan dag árið 1980 var kvikmyndin Land og synir frumsýnd í Reykjavík og á Dalvík. Hún var fyrst í röð íslenskra kvikmynda. Ágúst Guðmundsson gerði myndina eftir sögu Indriða G. Þorsteinssonar.

Heimild: Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

● Á þessum degi fyrir 56 árum



Vegleg þorrakomuhátíð

Kvenfélagið Sif á Patreksfirði hefur haldið uppi þeim þjóðlega sið undanfarin ár að minnast þorrakomu með veglegri samkomu í kaптúninu, og með tilliti til þess að 5 ár eru liðin síðan félagið tók aftur upp þennan forna sið, bauð stjórn þess fréttariturnum blaða og útvarps á þorrablot á laugardag. Var þar mikill mannfjöldi eins og venjulega, eða um 250 manns. Voru konur nær undantekningalaust í íslenskum búningum, en þær voru allmiklu fjölmennari en karlmennt, þar sem báðir togarar kaптúnsins voru á veiðum, og var mjög svo glæsilegt að líta yfir þann hóp.

Á borðum var eitt af mikilli rausn af öllum þeim tegundum matar sem telja má lostæti gamla og nýja tímans, t.d. hangikjöt, harðfiskur, hákarl, rauðmaga smjör flatökur og fleira.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðvestanátt og rigning eða slydda, en úrkomulítið austantil á landinu. Léttir víða til síðdegis og frystir.

Horfur á laugardag:

Suðlæg átt og fremur hlýtt í veðri. Vætusamt sunnan- og vestantil en úrkomulítið NA- og austanlands.

Horfur á sunnudag:

Suðlæg átt og fremur hlýtt í veðri. Vætusamt sunnan- og vestantil en úrkomulítið NA- og austanlands.

Horfur á mánudag:

Suðlæg átt og fremur hlýtt í veðri.

● Spurning vikunnar

Hvernig finnst þér staðið
að snjóruðningi í Ísafjarðarbæ?

Alls svöruðu 759. – Vel sögðu 311 eða 41% – Illa sögðu 302 eða 40% – Hlutlausir voru 146 eða 19%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? • Halldór Jónsson, fyrrv. blaðamaður á Bæjarins besta

Skagamenn eru skemmtilegir

„Héðan er allt gott að fréttá. Skagamenn eru skemmtilegir enda margir ættaðir að vestan. Uppgangurinn á Vesturlandi er ótrúlegur því hér starfa sóknarmenn á öllum stöðum. Slíkir menn setta sig ekki við neitt minna en sigur í hverju máli. Hugtakið varnarsigur var ekki fundið upp hér. Hér eru í hraðri uppbyggingu tveir alvöru háskólar, og framhaldsskólum fer fjölgandi. Atvinnulífið blómstrar enda hafa íbúar á Vesturlandi tekið á móti öllum fyrirtækjum, jafnt stórum og smáum. Engir fordómar þar á ferðinni enda hafa til dæmis íbúar Hvalfjarðar sýnt að ferðamennska getur farið saman með stóriðu. Það kostaði hins vegar djörfung og dug enda vilja menn að íbúum fjölgi. Það er galdurinn. Hér fer fram lífleg og gagnrýnin pólitísk umræða enda er hún talin nauðsynleg forsenda framfara. Gulum og svörtum íþróttabúningum fjölgar á heimilinu þannig að ekki getur það verið betra.“



Kvikmyndatökuliðið frá Belgíu. Luc Vrydaghs, leikstjóri myndarinnar er annar frá vinstri.

Bensínstöðvar eru alls staðar í heiminum

Lítill hópur kvikmynda-
tökumanna frá Belgíu var við
upptökur á heimildarmynd á
Flateyri dagana 13.-23. janúar.
Myndefnið var ESSO stöðin
og lífið í kringum hana. BB
spjallaði við Luc Vrydaghs
leikstjóra myndarinnar.

– Hvaðan kemur hugmyndin
að þessu verkefni?

„Hugmyndin fæddist fyrir
fjórum árum síðan og kemur
upprunalega frá Lou, mynda-
tökumanninum. Við byrjuðum
á að reyna finna fjármagn
til verksins og eftir eitt og hálft
ár höfðum við safnað nægu
fjármagni til að gera tvær
prufumyndir. Þær voru teknar
upp í Suður-Afríku og á Sri
Lanka og eftir þær fengum
við samþykki fyrir því að gera
heimildarmyndaröð.“

– Hvers vegna urðu bensín-
stöðvar fyrir valinu sem við-
fangsefni?

„Bensínstöðvar má finna
alls staðar, sama hvar þú ert í
heiminum og hugmyndin á
bakvið þær er alls staðar sú
sama. Þar er selt bensín og
yfirleitt er þar líka lítill búð
eða matsölustaður. Flestir íbúar
samfélags koma á bensín-
stöðina og þar hittist fólk en
lífið í kringum þær er alls ekki
eins í öllum löndum. Þar heyrir
maður sögur úr nágrenninu og

af landinu og með myndaröð-
inni erum við að reyna að rissa
upp mynd af ólíkum kimum
veraldarinnar.“

– Af hverju varð Ísland fyrir
valinu?

„Ísland er fjórða landið í
röðinni, við erum búin að gera
myndir í Arizona í Bandarík-
junum, í Punjab í Indlandi og í
frumbyggjabyggð í Ástralíu.
Núna vildum við finna eitt-
hvað allt annað og fara þangað
sem væri mjög kalt. Á hverjum
stað sem við höfum farið á
hefur verið eitthvað sérstakt
vandamál sem samfélagið þarf
að takast á við. Í Arizona eru
vandráði með innflytjendum
frá Mexíkó, á Indlandi er verið
að gifta barnungar stúlkur, og
á meðal frumbyggjanna í
Ástralíu er alkóhólismi alvar-
legur félagslegur vandi. Hér
er það hin erfiða veðráttá,
harður vetur og þess háttar.“

Flateyri áhugaverðust

– Hver er ástæða þess að
þið ákváðuð að koma til Flat-
eyrar?

„Samstarfsfélagi minn kom
hingað fyrir jól og ferðaðist
um landið og skoðaði bensín-
stöðvar. Hann tók viðtöl og
myndaði á fimm stöðum og

Flateyri fannst okkur áhuga-
verðust af nokkrum ástæðum.
Staðsetningin er sérstök og
þorpið er svolítið einangrað,
sambúðin við veðrið og náttúr-
una getur verið erfið hér og
sagan af snjóflóðinu og hörm-
ungunum sem fylgdu því spil-
uðu líka inn í valið.

Gógó er líka mjög áhuga-
verð kona og við sáum strax á
kynningarmyndbandinu að
hún er mjög opin og á auðvelt
með að tala um hlutina og hún
er því kjörin til að segja sögu
samfélagsins hér.“

– Er eitthvað sem kom þér á
óvart hér, er eitthvað ódruvísi
en þú bjóst við?

„Já vissulega, þetta er betra
en ég bjóst við! Vanalega fer
ég sjálfur og vel staðina sem
við tökum fyrir en ég komst
ekki í þetta sinn og þegar ég
kom hingað þá leist mér ekkert
á þetta. Það var ekkert fólk í
sjoppunni og ég varð virkilega
stressaður. En eftir smá tíma
fór fólk að koma og við kynnt-
umst Gógó og þá fór allt að
smella saman. Allt hefur gengið
mjög vel, við erum búin að
mynda í nokkra daga og erum
komin með góða sögu og
höfum náð góðum og falleg-
um myndum.“

– Hvar og hvenær verður
myndaröðin sýnd?

„Við eigum enn eftir að gera
tvær myndir í viðbót því vana-
lega eru sex myndir í hverri
myndaröð. En sýningar hefjast
í belgíska ríkissjónvarpinu í
september. Einnig var stór
frönsk sjónvarpsstöð sem
styrkti gerð myndanna og þær
verða sýndar þar og sú stöð á
réttinn til að selja myndaröð-
ina til annarra sjónvarpsstöðva
í Evrópu.“

– Verður myndaröðin sýnd
á Íslandi?

„Já vonandi, við munum
allavega reyna að selja hana
hingað og ef allt gengur að
óskum þá er ég bjartsýnn á að
íslenska sjónvarpið muni hafa
áhuga.“

– Þá er það að lokum hin
klassíska spurning: *How do
you like Iceland?*

„Mér líkar mjög vel við Ís-
land. Ég hef reyndar komið
hingað einu sinni áður, fyrir
sex árum síðan. Þá var ég að
gera heimildarmyndaröð fyrir
National Geographic um
leigubíla víðsvegar um heim-
inn. Þá keyrði ég eins langt og
hægt var fyrir 100 dollara. Ég
komst 200 kílómetra á Íslandi,
hóf ferðina í Reykjavík og
endaði hjá hákarlaveiðimönnum
á vesturströnd landsins“,
segir Luc að lokum og brosir.
– gudrun@bb.is

La Paz er mjög sérstök borg



„Ég nú ekki mikið af neinu í uppáhaldi en ég ber mjög sterkar taugar til Vancouver í Kanada en ég bjó þar í þrjú ár. Það er mjög falleg borg og margt skemmtilegt sem hægt er að gera þar. Hinsvegar er ein sú merkilegasta borg sem ég hef ferðast til La Paz í Bólívíu. Flott borg í mikilli hæð og allt öðruvísi en annað sem maður hefur séð. Ég hef tvisvar sinnum komið til La Paz og í bæði skiptin var ég í bakpokaferðalagi um Suður Ameríku. Mjög sérstök borg.“

Gettu enn betur

Lið Menntaskólans á Ísa-firði í Gettu betur, spurninga-keppni framhaldsskólanna, þurfti að lúta í lægri haldi í fyrstu viðureign sinni í ár, sem að þessu sinni var við Mennta-skólann í Kópavogi. Loka-staða keppninnar var 20-16 MK í vil. Bæjarins besta fékk liðið í heimsókn daginn eftir ósigurinn og það mátti enn sjá að kraumaði í þeim Arnþrúði Gísladóttur, Gunnlaugi Jónas-syni og Halldóri Smárasyni að hafa tapað kvöldið áður, og voru ýmis áhöld uppi um dómgæslu, spurningar, spyrja, svör, bleikjur og regnbogasil-unga. Bæjarins besta ákvað að kanna þekkingu liðsins með því að leggja fyrir þau nokkrar niðþungar spurningar:

1. Hvaða bandaríski rithöf-undur skrifaði skáldsögurnar *Factotum*, *Post office*, *Women*, *Ham on Rye* og *Pulp*, sem Gunnar Smári Egilsson þýddi undir titlinum *Reyfari*?
2. Hver leikur lækinnin *House* í samnefndum sjón-varpsþáttum?
3. Hvaða ár fengu Íslend-ingar aftur löggjafavald frá Dönum?
4. Hvers lenskt er ættar-nafnið Briem?
5. Hvaða gripur í gyðinga-

- trú nefnist Menorah?*
- „Litla húfan sem þeir eru með.“
6. Hvað heitir forseti Kól-umbíu?
- „Eduardo.“
7. Hver skrifaði bókina sem kvikmyndin *Fight Club* með Brad Pitt og Edward Norton í aðalhlutverkum er byggð á?
- „Jack Higgins.“
8. Hvað heitir fangelsis-málastjóri?
- „Jón Þór Gunnarsson.“
9. Hvað heita börn Ange-línu Jolie og hvaðan eru þau upprunalega?
- „Maddox er frá Kambódíu og Zahara er frá Súdan.“
10. Hljómsveitin móm hef-ur gjarnan viðdvöl í vita nokkrum á norðanverðum Vestfjörðum. Hvað nefnist vitinn?
- „Galtarviti.“
11. Hver er munurinn á mandarinum og klementín-um?
- Klementínur eru með stein-um en ekki mandarinur.
12. Hverjir eru 9 aðalmenn í bæjarstjórn Ísafjarðarbæj-ar?

„Halldór Halldórsson, Birna Lárusdóttir, Ragnheiður Hákonardóttir, Ingi Þór Ágústsson, Guðni Geir Jóhannesson, Magnús Reynir Guðmundsson, Bryndís Frið-geirsdóttir, Lárus Valdimars-

- son og vitum ekki síðasta.“
13. Ungur knattspyrnumað-ur sem ber sama eftirnafn og gjaldmiðill nokkur gerði ný-lega þriggja og hálfars samn-ing við knattspyrnuliðið *Man-chester United*, hvað heitir hann?
- „Patrice Evra.“
14. Fyrir hvað stendur *H-ið* í nafni Kristins H. Gunnars-sonar?
- „Halldór.“
15. Hver stofnaði bæinn *Springfield* í sjónvarpsþáttun-um um *Simpson*-fjölskylduna?
- „Abraham Springfield.“
16. Um hvern fjallaði heim-ildamyndin *Mótmælandi Ís-lands*?
- „Helga Hóseasson.“
17. Hvaða vikudagur var 24. mars 1979?
- „Sunnudagur.“
18. Í hvaða sæti var Björg-ólfur Thor Björgólfsson á lista *Forbes* tímaritsins yfir 500 rík-ustu menn í heimi?
- „232.“
19. Hvað þýðir orðið pam-úll, eins og það kemur fyrir í samsetningunni lukkunnar *pamfíll*?
- „Viðtakandi.“
20. Botnið *textabrotið* (fimm línur):
- Mér finnst allt svo ofboðs-legt dúndur og æði.Ég hugsa mikið um standard og gæði. Mér finnst lífið eitt allsherjar djók.



Sýndarlýðræði

Það vakti athygli mína í þættinum Silfri Egils í dag að Egill Helgason spurði hvort flokkseignafélagið stæði á bak við framboð Björns Inga Hrafnssonar, aðstoðarmanns forsætis-ráðherra og formanns Framsóknarflokksins. Það er ástæða fyrir þessari spurningu þegar að er gáð. Frambjóðandinn er einn nánasti samstarfsmaður formanns flokksins. Þangað sækir hann pólitískan styrk og áhrif. Yfirlýstir stuðningsmenn hans eru félagsmálaráðherra og einn þingmanna flokksins í Norðausturkjördæmi. Þau voru öll þrjú samstarfsmenn á skrifstofu flokksins á síðasta kjörtímabili og hófu þaðan sókn sína til frama innan flokksins.

Smáfréttir

Birgir Björn í landsliðið

Birgir Björn Pétursson leikmaður Kөрfuknattleiks-félags Ísafjarðar hefur ver-ið í 18 manna hóp lands-liðs leikmanna yngri en 20 ára til æfinga fyrir Evrópu-meistarakeppni. Keppnin fer fram í Lissabon í Portú-gal í júlí. Hópurinn kemur saman strax að loknu keppnistímabilinu og æfir stíft í sumar fram að EM. Þó verður tekið hlé á meðan próf í framhalds-skólum fara fram. Birgir leikur bæði með meistara-og unglingaflokki KFÍ.

Einar í fæð-ingarorlofi

Einar Pétursson, bæjar-stjóri Bolungarvíkur, er far-inn í fæðingarorlof. Bæjar-stjórnin verður í fæðingar-orlofi næstu þrjár vikurnar, frá og með 17. janúar, og gegnir Halla Signýr Krist-jánsdóttir, skrifstofu- og fjármálastjóri bæjarins, stöðu bæjarstjóra á meðan Einar er fjarverandi. Mikið hefur færst í vöxt að feður taki sér fæðingarorlof á síðastliðnum árum, eða síðan að þeir öðluðust rétt til að fá laun sín bætt. Að meðaltali taka feður þrjá mánuði í fæðingarorlof en mæður sex mánuði.

Ný heimasíða senn opnuð

Ný heimasíða Ísafjarðar-bæjar sem vonast var til að yrði tilbúinn síðastliðið haust er enn ekki komin í gagnið. Að sögn Inga Þórs Ágústssonar bæjarfulltrúa og formanns starfshóps um stefnumótun í tölvu-málum fyrir Ísafjarðarbæ eru ýmsar ástæður fyrir seinkuninni. Meðal annars hafi vantað samhæðar upplýsingar frá Ísafjarðar-bæ um ýmis svið og einnig urðu tafir hjá þjónustuaðil-anum við uppbyggingu síðunnar. Fundað var um stöðu mála á mánuðaginn. Niðurstaða fundarins var sú að „nú verður spýtt í lófana og er stefnan tekin á að opna nýju heimasíða-una þann 16. febrúar nk.“, eins og Ingi Þór orðaði það.



Arnþrúður, Gunnlaugur og Halldór.

„Mér finnst engu einasta máli skipta hvort í blokkum sé öryrkjalyfta. Bara ef ég fæ rettur og kók. Mér er sama hvort í taflí lifsins ég missi það eða hrók.“

Svör og stig

1. Charles Bukowski (0/1).
2. Hugh Laurie (1/1).
3. 1874, þegar við fengum stjórnarskrá (1/1).
4. Það er íslenskt, fyrstur til að taka það upp var Gunn-laugur Guðbrandsson frá Brjánslæk, og er nafnið dregið af bænum (0/1).
5. Það er sjö-arma ljóastika, sem á Íslandi er oft ranglega nefnd aðventu-ljós, þ.e.a.s. þessi með raf-magnskertunum úti í glugga (0/1).
6. Álvaro Uribe Vélez (0/1).
7. Chuck Palahniuk (0/1).
8. Valtýr Sigurðsson (0/1).
9. Maddox Chivan Thorn-ton Jolie er frá Kambódíu og Zahara Marley Jolie er frá



Mugison.

á ferð.

10 Dýri - Kira Kira

Hún Kira Kira samdi lag um hann Dýra minn. Mér finnst þetta vera frábært lag hjá henni, soldið frönsk lykt af því, mjög vel gert og flutt. Með betri lögum sem kom út á síðasta ári.

Dolly Parton er vanmetinn snillingur

1 A Fistful of Dollars - Ennio Morricone

Ennio er konungur kvik-myndatónlistar. Hann gerði alla flottu spagettí vestrana. Þetta stef er næstum því full-komið.

2. Did somebody make a fool out of you - Tony Joe White

Þetta er flottasta blús lag sem ég hef heyrt. Röddin á manninum er svo djúp að hún minnir mann á rúss-neska bassa-harmónikku. Þetta lag fann ég á plötu sem heitir Country got soul, þar er að finna lög eftir hvíta kalla sem eru svartir að inn-an. Allavega stendur það í textabæklingnum sem fylgir með.

4. The Lengths - The Black Keys

Black keys eru enn eitt bandið sem er eins og White Stripes bara gítarleikari og trommari en ólíkt hinum þús-und böndunum þá ná þeir að gera sinn eigin hljóm, minna samt mjög á the Cream sem Eric Clapton var í.

5. Misery is a butterfly 8 - Blonde Readhead

Þessi hljómsveit hefur spil-að nokkrum sinnum á Íslandi. Það er íslenskur strákur sem heitir Skúli sem spilar bassa á plötunum þeirra. Þetta er svona tónlist sem fólk sem er komið langt í tónlistarnámi hefur gaman að spila í partí-um. Þau eru með allskonar takt þælingar og spila í skrifn-

um stillingum, en mér finnst þau samt mjög skemmtileg.

6 Masters of War - Bob Dylan

Keypti mér DVD um kallinn um daginn og féll aftur fyrir honum. Þetta er einn mesti snillingur síðustu aldar, og þetta lag á einhvern veginn allt-af við.

7. Erster Alleuiavers - Arvo Pärt

Þessi gaur gerir svona kósí-nútíma-klassíska-tónlist. Mjög gott að hlusta á hann ef maður vill sofna eða slaka á.

8. Sorry Entertainer - Daniel Johnston

Daníel er geðsjúklingur, hann er að mér skilst meira og minna á hæli. Hann hefur reynt að

drepa nokkra og er haldin miklum ranghugmyndum. Hann varð svolítið frægur þegar Kurt Cobain fór að ganga í bolum með mynd af Daníel framan á og tala um hann í viðtölum. Hann er mikil kult figúra í bandaríkjunum í neðanjarðar-tónlistargeiran-um. Hann hefur gert nokkur ógleymanleg lög og þetta er eitt af þeim.

9. Jolene - Dolly Parton

Eitt besta lag sem samið hefur verið. Það veit enginn hverjir spiluðu í þessu lagi, þetta voru bara einhverjir ódýrir session spilarar í Nash-ville, ótrúlegt. Hún Dolly Part-on samdi þetta lag og I will Always Love You sama kvöld-ið. Vanmetinn snillingur þar



Lögreglustöðin á Ísafirði.

Unglingar teknir með amfetamín

Síðastliðið föstudagskvöld hafði lögreglan á Ísafirði afskipti af fjórum unglingum sem voru í bíl í miðbæ Ísafjarðar. Nokkur þeirra höfðu áður komið við sögu lögreglunnar vegna fíkniefnamála og vaknaði grunur um að þau væru með fíkniefni í fórum sínum. Reyndist sá grunur á rökum í reistur. Í bílnum fannst á annað gramm af því sem ætlað er að sé amfetamín.

Auk þess lagði lögregla hald

á áfengi sem fannst í bílnum, en enginn unglingana var með aldur til drykkju enda bara 16 og 17 ára gamlir. Þá voru þeir færðir á lögreglustöð þar sem þrír þeirra voru látnir gista nóttina, en einn fékk að fara heim um nóttina eftir yfirheyrslu. Foreldrum unglinganna og skóla- og fjölskylduskrifstofu var gert viðvart um afskiptin enda unglingarnir allir ósjálfráða.

– eirikur@bb.is

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins


Ellefu taka slaginn

Ellefu einstaklingar hafa ákveðið að gefa kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ sem fram fer 11. febrúar nk. Þeir eru Úlfar Ágústsson (1.-4. sæti), Guðný Stefnía Stefánsdóttir (5. sæti), Niels R. Björnsson (4), Ingólfur Þorleifsson (5), Ragnheiður Hákonardóttir (2.-3) og Halldór Halldórsson (1). Hafðís Gunnarsdóttir gefur

kost á sér í 4.-5. sæti, Ingi Þór Ágústsson (2.-3), Gísli Halldór Halldórsson (1.-2), Birna Lárusdóttir (2) og Stefán Torfi Sigurðsson (4.-5).

Kjörnefnd sjálfstæðisfélaga í Ísafjarðarbæ kom til fundar á sunnudag og fór yfir framboðin og reyndust þau öll uppfylla þau skilyrði sem nefndin setti.

– bb@bb.is



Það er frekar auðvelt að fara á skíði í ýmsum giljum í Skutulsfirði þó lítið sé af snjó á skíðasvæðinu. Rúnar Óli Karlsson tók sig til einn laugardagsmorgun í byrjun desember og gekk á Eyrarfjallið. Birtan við sólarupprás var mjög mikilfengleg og salíbunan niður gillið ofan við Engi var víst ekki síðri. Ljósmynd: Rúnar Óli Karlsson.



Frá athöfninni á Hnífsdalsvegi.

Minningarathöfn á Hnífsdalsvegi

Minningarathöfn var haldin síðdegis á föstudag á Hnífsdalsvegi um Þóreyju Guðmundsdóttur, sem lést í bílslysi á veginum á fimmtudag. Það voru nánir vinir hennar og kunningjar sem stóðu að athöfninni. „Þetta var hræðilega erfitt, en það veitti okkur mikinn styrk að minnast hennar með þessum hætti,“ segir Helga Margrét Marzellíusardóttir, sem var ein þeirra sem stóð að athöfninni.

Á föstudagsmorgun var haldin minningarathöfn í



Menntaskólanum á Ísafirði, þar sem Þórey stundaði nám, fyrir alla nemendur skólans og í framhaldinu fóru nánustu

vinir hennar og kunningjar að staðnum þar sem bíll Þóreyjar fór út af. Þar voru lögð blóm og friðarkerti á veginn.